



Börnunum í Vatnsendaskóla í Kópavogi var skemmt þegar þessi fjólubláa furðuvera kitti inn um gluggann á baráttudegi gegn einelti í gær. Skólar Kópavogs fóru í gær í sjötta sinn í svokallaða Vináttugöngu í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá Vináttugöngunni er að finna á +Plússi Frettablaðsins. **FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS** er í Frettablaðs-appinu og PDF-útgáfu á [Frettablaðið.is](http://Frettablaðið.is).

## Gagnrýnir dýrar lántökur fyrir arðgreiðslum frá Orkuveitunni

Stjórnarmaður í Orkuveitunni segir alvarlegt að félagið taki dýr lán til þess að greiða arð. Fyrirtækið tók lán upp á nærri þrjú milljarða króna í árslok 2016. Lánið hækkaði veltufjárhlutfall þannig að skilyrðum fyrir arðgreiðslu var fullnægt.

**STJÓRN MÁL** Orkuveitan greiddi 750 milljóna króna arð til eigenda í fyrra og hyggst greiða 1.250 milljónir í arð á þessu ári.

Orkuveitan tók nærri þriggja milljarða króna lán hjá Íslandsbanka í lok árs 2016. Lánið átti þátt í því að veltufjárhlutfall félagsins hækkaði þannig að skilyrðum fyrir arðgreiðslu var fullnægt. Reykjavíkurborg á tæplega 94 prósentu hlut í félaginu.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks og stjórnarmaður í OR, segir alvarlegt mál að slegin séu dýr lán gagnert til að greiða stjórn-málamönnum arð.

**Þarna er Orkuveitan í raun látin sitja uppi með gríðarlegan vaxtakostnað til þess eins að greiða Reykjavíkurborg arð.**

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í Orkuveitunni



„Þarna er Orkuveitan í raun látin sitja uppi með gríðarlegan vaxtakostnað til þess eins að greiða Reykjavíkurborg arð,” segir Hildur.

Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitunnar, segir að samkvæmt fjárhagslegum markmiðum og skilyrðum beri Orkuveitunni rétt eins og sveitarfélögum, að hafa veltufjárhlutfallið yfir 1,0. „Þetta lán var einn liður í því,” segir hann.

„Lánið er greitt út 30. desember 2016, sem var síðasti virki dagur þess árs, og er það á verulega óhagstæðum kjörum miðað við þau kjör sem Orkuveitunni bjóðast,” segir Hildur um bankalánið. – *kj / sjá síðu 6*

## Akstursgreiðslur ræddar í nefnd

**ALÞINGI** Ósk Björns Levi Gunnarssonar alþingismanns um rannsókn á akstursgreiðslum þingmanna verður rædd í forsætisnefnd á mánudag. Björn vill að nefndin vísí málinu til rétttra yfirvalda leiði rannsókn refsiverða háttsemi í ljós.

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem fengið hefur hæstar akstursgreiðslur, kveðst ekki hafa gert neitt rangt og vera þreyttur á málinu. Ekkert hafi verið athugavert við greiðslur til hans. – *aa / sjá síðu 8*

**Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.**



Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka



**Fjárfestingar og eignadreifing**

Miðvikudaginn 14. nóvember kl. 8:30 í Norðurtorni við Smáralind

Nánari upplýsingar á [islandsbanki.is/fyrirtækjafræðsla](http://islandsbanki.is/fyrirtækjafræðsla)



+PLÚS



Skólabörnin höfðu greinilega gaman af göngunni og dagskránni sömuleiðis.

## Börn gengu gegn einelti

Skólabörn í Kópavogi fóru í Vináttugöngu í gær í tilefni af baráttudegi gegn einelti. Fjölbreytt dagskrá var svo í skólahverfum bæjarins í tengslum við gönguna. Þúsundir tóku þátt en þetta er í sjötta sinn sem skólarnir í Kópavogi halda þessa Vináttugöngu.





## Veður



Austan 8-15 í dag en heldur hvassara syðst. Rigning S- og A-lands, en þurrt að kalla NV til. Hiti 2 til 10 stig, hlýjast með S-ströndinni.

SIÁ SIÐU 20



Norska lögreglan fór með fíkniefnahund í skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Leit lögreglu talin lögbrot

**NOREGUR** Lagaprófessor við Háskólann í Björgvín í Noregi telur að heimsókn lögreglu með fíkniefnahund í framhaldsskóla nýverið hafi verið lögbrot. Árið 2013 hótaði samband framhaldsskólanema að höfða má til að stöðva slíkar heimsóknir. Þá lofði dómsmálaráðuneytið að þeim skyldi hætt.

Með heimsókninni nú ætlaði lögreglan að sýna nemendum hvernig leit með fíkniefnahundi færi fram. Í kjölfar viðbragða hundsins voru tveir nemendur handteknir og hafa þeir nú verið kærðir. – **ib**

## Kona með fimm börn handtekin

**BARNAVERNDARMÁL** Lögreglan í Hafnarfirði fór fyrir tilstilli barnaverndarnefndar í íbúð í Hafnarfirði í gærmorgun og handtók konu. Með henni í íbúðinni voru fimm börn.

Konunni var síðan sleppt um kvöldmatarleytið að sögn Skúla Jónssonar aðstoðaryfir lögregluþjóns.

Börnin eru á aldrinum 10 til 17 ára. Fölkíð er frá Afganistan. Á svörum lögreglu mátti skilja að tengsl konunnar við börnin væru óljós. „Þetta snýr að börnum sem hún er með hér á landi. Börn sem eru núna komin í umsjá barnaverndaryfirvalda,“ sagði Skúli sem kvað konuna grunaða um brot gegn útlendingalögum. Lífsýni sem tekin voru verða rannsókuð til að skera úr um tengsl fólksins. – **db**

## Fjör á Airwaves



Það var mikið stuð í Hafnarhúsinu og áhorfendur fylgdust vel með í gær þar sem skrautlegi eistneski rapparinn Tommy Cash var að spila þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Hátiðin Iceland Airwaves er nú haldin í tuttugasta skipti og í fyrsta sinn frá því Sena keypti hátiðina af Íslendingar. Fjöl margir innlendir listamenn koma fram á hátiðinni í ár auk erlendra á borð við Hayley Kiyoko og Rejjie Snow. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Brugðust tvisvar við óskráðum lánveitendum

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur í tvisgang brugðist við auglýsingum frá verk tökum í byggingariðnaði þar sem kaupendum nýrra íbúða í þeirra eigu er boðið að fjármagna kaupin með verðtrygðu viðbótarláni frá hlutaðeigandi verk-taka.

Eftirlitið vill áreitta að samkvæmt lögum um fasteignalán til neytenda er það skilyrði að lánveitandi hafi verið skráður til slíks hjá stofnuninni. Beinir FME þeim fyrirmælum til þeirra sem hafa hug á því að sækja um slíka skráningu.

„Í báðum tilfellum virðist okkur það hafa verið í tæka tíð þannig að ekki var búið að veita lán,“ segir í svari FME við fyrirspurn Fréttablaðsins. Ekki er unnt að veita upplýsingar um hvaða verkataka var um að ræða. – **joe**

# Stigi í Hörpu svignaði undan hópi stjórnmenda

Öryggisgler sprakk undir stiganum í anddyri tónlistarhússins Hörpu þegar hundruð stjórnmenda innan Reykjavíkurborgar stilltu sér upp fyrir mynd. Forstjóri Hörpu segir ekki ástæðu til að hafa áhyggjur og engin hætta skapaðist.

**HARPA** „Að mati fasteignastjóra Hörpu voru nokkrir samverkandi þættir sem orsökðu þetta óhapp,“ segir Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, aðspurð um atvik íð sem átti sér stað þegar stjórnmendadagur Reykjavíkurborgar var haldinn í tónlistar- og ráðstefnuhöllinni á föstudag.

Að fundinum loknum var myndataka af stjórnmendahópnum í stiganum en við það sprakk gler sem liggur utan í og undir stiganum stóra.

„Mikill fjöldi fólks stóð í stiganum í drjúga stund og er ekki óeðlilegt að stígninn svigni örlítið undan slíkum fjölda sem var líklega meira en 300 manns. En hreyfingin er afskaplega litil og engin ástæða til að hafa áhyggjur af því,“ segir Svanhildur.

Að sögn Svanhildar er burðarkerfi stigans samansett úr fjórum 50 sentimetra háum stálbitum. Því sé burðarhæfni hans mjög mikil.

Svanhildur bætir við að burðarvirki Hörpu sé þannig að skil eru í húsinu fyrir hreyfingar sem þar eiga sér stað. Stígninn stendur yfir einum slíkum skilum.

„Þetta eru mjög litlar hreyfingar en eru til staðar og geta haft þau áhrif að glerhandriðið stóð óvenju nærri stigakjálkanum á þessum tímarpunkti.“

Svanhildur bendir á að engin hætta hafi skapast þar sem um sé að ræða tvöfalt öryggisgler með filmu á milli og aðeins annað glerið sprakk. Glerið sem um ræðir umlykur rúllu-stígana sem liggja niður á kjallarahæð hússins. Stígninn stóri sem stjórnmendur stóðu á liggur upp á aðra hæð Hörpu.



Glerið sem sprakk er næst stiga upp frá jarðhæð Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Mikill fjöldi fólks stóð í stiganum í drjúga stund og er ekki óeðlilegt að stígninn svigni örlítið.**

Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu



„Öryggisgler er mjög höggþolið en veikleiki þess er að fá hart efni í glerkantinn. Því þarf mjög litla snertingu frá stáli á glerbrúna til að sprengja það. Þetta óhapp varð vegna einhverra millimetra færslu á gleri eða stiga og miklum fólksfjölda í stiganum,“ segir Svanhildur.

Ekki hefur verið skipt um glerið sem brotnaði og svæðið undir stiganum hafði verið girt af í gær þegar Fréttablaðið bar að garði.

mikael@frettabladid.is

**LASER Grillbúðin**  
www.grillbudin.is

**LED Laser ljóskastari**  
Varpar jólaljósum á húsið



SEMKO gæðavottun  
Skynjari sem slekkur á Laser ef farið er of nálægt - Fjarstýring

Verð áður 14.900

**11.900**

Skolið úrvælt á  
www.grillbudin.is

Smíðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400



**i** PERFORMANCE



Sheer  
Driving Pleasure



# BMW X5 PLUG-IN HYBRID MEÐ VEGLEGUM AUKAPAKKA Á EINSTÖKU VERÐI.

**BMW X5 xDrive40e. Verð: 11.190.000 kr.**

M-Sportpakki (19" álfelgur), vetrardekk, Adaptive LED aðalljós, Panorama glerþak, leðurklætt mælaborð, aðstoð fyrir háageisla, LED innljósapakki, LED þokuljós, þakbogar, rafdrifid dráttarbeisli, 600W Harman Kardon 16 hátalara hljómkarfi, lykillaust aðgengi, Comfort framsæti, speglapakki, skyggðar afturrúður, sjálfvirk 4ja svæða loftkæling, hitað stýrishjól, hirslopakki og skyggðar afturrúður.

ENNEEM / SIA / NYKODER

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# Engin undanskot og enginn skandall segir skiptastjóri Prime Tours

**SAMGÖNGUR** „Vigdís Hauksdóttir er kannski í leit að skandal, en hann er ekki þarna,” segir Arnar Þór Stefánsson, skiptastjóri þrotabús Prime Tours.

Asakanir hafa verið um kennitölflakk eftir að stjórn Strætó bs. gaf heimild til að framselja ramma-samning Prime Tours til Far-vel ehf. sem er í eigu sömu aðila.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins, þar á meðal Vigdís Hauksdóttir, lögðu fram harðorða bókun í velferðarráði.



Arnar Þór Stefánsson, lögmaður og skiptastjóri þrotabús Prime Tours.

Arnar Þór bendir á að markmið búsins sé að hámarka eignir með sölu verðmæta, sem í þessu tilfelli séu rúmlega tuttugu bílar, sérhannaðir til að aka fötluðum. Hann hafi helst viljað selja þá alla í einu og að hagr búsins hafi verið að gera það sem fyrst.

„Ég var í sambandi við flesta þessa aðila sem eru búnir að vera að kvarta og sagði þeim að koma með tilboð í bílana og samninginn. En það var litit um það. Þetta var eini aðilinn sem kom með tilboð í

allan þakkann og greiddi markaðs-verð samkvæmt verðmæti fyrir. Það voru engin undanskot í þessu,” segir Arnar Þór. Hann bætir við að Hjörleifur Harðarson, eigandi Far-vel og áður Prime Tours, hafi komið heiðarlega fram í öllu þessu ferli.

„Of er mikill óheioarleiki, alls kyns æfingar og undanskot þegar maður kemur að þrotabúum. Ekkert slíkt hér. Þeir lögðu spilin á borðið. Það var einhver fortíðarvandi sem varð þeim ofvinda og þeir gátu ekki unnið fram úr, þó þeir reyndu.” – smj

## Samherji lagði Seðlabankann

**DÓMSMÁL** „Öllum fullyrðingum og ásökunum Seðlabankans á hendur Samherja og starfsfólki okkar hefur verið hnekk og bankinn beðið afhroð,” segir í pósti aðaleigenda Samherja til starfsmanna fyrirtækisins í kjölfar dóms Hæstaréttar í gær.

Hæstiréttur staðfesti í gær niðurstöðu héraðsdóms um ógildingu ákvörðunar Seðlabankans um að leggja 15 milljóna króna stjórnvaldssekt á Samherja vegna meintra brota á reglum um gjalddeyrismál.

„Með þessum dómi lýkur endanlega tæplega sjö ára aðför Seðlabankans á hendur Samherja,” segir í fyrrgreindum pósti. – gar

## Meira til Jemens

**JEMEN** Matarhjálpar Sameinuðu þjóðanna (WFP) ætlar að tvöfalda matargjafir til Jemens og bannig sjá fjórtán milljónum fyrir mat. Þetta sagði í tilkynningu sem stofnunin sendi frá sér í gær.

„Matargjafir WFP og hjálparmat taka hafa verið mikilvægar í baráttunni gegn því að hungursneyð verði í landinu en allt bendir nú til þess að frekari aðgerða sé þörf til að koma í veg fyrir að fjöldi svelti í landinu,” sagði í tilkynningunni. Aukinheldur sagði að stærsta hungurkrísa heims væri nú í Jemen. Milljónir væru á barmi hungursneyðar. – þea

## FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Segir ríkið vera að skapa sér sjálfkrafa skaðabótaskyldu

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að bregðist stjórnvöld ekki strax við dómi Hæstaréttar um innflutning á fersku kjöti sé ríkið að skapa sér skaðabótaskyldu. Í síðustu viku var hollenskt nautakjöt gert upptækt í tollinum hér. Fleiri sendingar eru sagðar á leiðinni til landsins.

**LANDBÚNAÐUR** „Það hefur legið fyrir mörg undanfarin ár að það væru yfirgnæfandi líkur á að niðurstaða málsins yrði á þann hátt sem síðar varð. Sú afsökun að stjórnvöld hafi ekki haft nægan tíma er bara ekki gild,” segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, um þá stöðu sem upp er komin varðandi innflutning á fersku kjöti.

Í síðustu viku voru um 200 kíló af lifrænu hollensku nautakjöti gert upptækt í tolli. Var það fyrsta sendingin til landsins frá því að dómur féll í Hæstarétti í síðasta mánuði þess efnis að bann við innflutningi á fersku kjöti væri ólögmætt.

Ingibjörn Sigurbjörgsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara, sem flutti inn kjötið segir að Matvæla- stofnun hafi veitt fyrirtækinu andmælarétt. Endanleg niðurstaða átti jafnvel að liggja fyrir í gær.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi ítrekar að von sé á frumvarpi vegna málsins í febrúar. Það hafi verið í forgangi hjá stjórnvöldum frá því að EFTA-dómstóllinn komst að niðurstöðu fyrir um ári að umrætt innflutningsbann bryti gegn EES-samningnum.

„Stjórnvöld sendu í júlí umsókn til Eftirlitsstofnunar EFTA um heimild til að beita reglum um viðbótartryggingar vegna salmonellu sem önnur Norðurlönd hafa fengið. Við höfum líka verið í víðræðum við framkvæmdastjórn ESB og Eftirlitsstofnun EFTA varðandi næstu skref stjórnvalda í málinu,” segir Kristján Þór.



Í síðustu viku voru um 200 kíló af lifrænu hollensku nautakjöti gert upptækt í tollinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Andrés segir fyrirtæki nú geta flutt inn ferskt kjöt án allrar áhættu.

„Við vitum að það eru fleiri sendingar á leiðinni. Ef stjórnvöld bregðast ekki við í tíma eiga þessi fyrirtæki sjálfkrafa hreina skaðabótakröfu á ríkið. Frá og með uppkvaðningu Hæstaréttardómsins er það lagabrot af hálfu opinberra aðila að gera svona vöru upptæka við innflutning til landsins. Það er algerlega háfið yfir vafa. Stóra spurningin í

okkar huga nú er hvort það sé meirihluti fyrir þessum lagabreytingum á Alþingi,” segir Andrés.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi og formaður Framsóknarflokksins, birtir grein í Morgunblaðinu í gær. Þar segir hann að flokkur sinn muni leita allra leiða með samstarfsflokki sínum í ríkisstjórn og á vettvangi Norðurlanda til að koma í veg fyrir að heilsu landsmanna verði fönað

fyrir þá skammtimahagsmuni að heimila innflutning á fersku kjöti.

Kristján Þór segir að stjórnvöld hafi í kjölfar dóma EFTA-dómstólsins og Hæstaréttar ekkert val um annað en að bregðast við:

„Ég legg sem fyrr ríka áherslu á að við stöndum við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengið en tryggjum á sama tíma öryggi matvæla og vernd búfjárstofna.” [sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)

jeep.is



MÁN ÞRI MID FIM FÖS LAU SUN

Litli bróðir Jeep. Grand Cherokee.

**JEEP COMPASS LIMITED**  
**JEEP. 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI.**  
**ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU**

**EINI JEPPIÐ Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI SEM BÝÐUR UPP Á LÁGT DRIF.**

Jeep, Compass er útbúinn með alvöru fjórhjóladrifi: Jeep, Active Drive, sem gerir ökumanni kleift að velja um fjórar drifstillingar sem taka mið af akstursundirlagi hverju sinni. Auto, Snow, Sand og Mud ásamt því að læsa milli fram- og afturdrifs í Limited og til viðbótar í Trailhawk er fimmta stillingin Rock ásamt lágu drifi. 2.0 lítra dísel 140 h. eða 170 h. og 170 h. bensínvél. 9 girja sjálfstjórning.

**ÍSABAND**  
 ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
 WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
 THERE'S ONLY ONE





# Nýr **CR-V**

**Komdu og reynsluaktu  
söluhæsta sportjeppa heims\***



\*Heimild: JATO Dynamics (Súlfuráhrif: Janúar 2015 - desember 2017), Mexíkór (eða EU) - EFTA, MFTA, Kína, Japan, Bessía, Rússland, Indónesía, Asíalía, Argentína, Súða-Afríka, Suða-Kórea, Ítalía og Víetnam.



**HONDA**

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.honda.is](http://www.honda.is)

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bíliver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535





Framúrakstur er vandasamur.  
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Bótakrafa þrátt fyrir fikniakstur

**TRYGGINGAR** Úrskurðarnefndin í váttryggingamálum (ÚRVá) taldi að árekstur á Djúpvegi á Steingrímsfjarðarheiði í ágúst í fyrra hafi að öllu leyti mátt rekja til háttsemi ökumanns húsbíls sem lenti í slysinu. Sá var nýverið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi vegna aksturs síns í aðdraganda slyssins. Á slysstundu var bæði kannabís og amfetamín í blóði hans. Ökumaður húsbílsins hafði ekið hægt og undarlega minúturnar fyrir slysið. Ökumaður Nissan Patrol jeppa hafði ekið nokkra stund fyrir aftan en ákvað er færi gæft að taka fram úr. Á þeirri stundu sveigði húsbíllinn í veg fyrir hann. Jeppinn laskaðist lítið eitt en húsbíllinn endaði utan vegar og gjöreyðilagðist.

Ágreiningur var meðal manna um það hver ætti sök á árekstrinum. ÚRVá benti á að kannabís hefði verið í blóði ökumannsins. Maðurinn tók lyf sem innihélt amfetamín að lækni ráði en styrkur þess í blóði var margfalt meiri en eðlilegt gat talist og benti það til misnotkunar. Að því virtu var öll sök lögð á ökumann húsbílsins. – jõe

## Ólián komin úr Fjordvik



Óljóst er hvenær eða hvernig sementsflutningaskipinu Fjordvik verður komið á flot en búið er að dæla oliu úr skipinu. Þetta staðfesti talsmaður hollenska björgunarfélagsins SMT Shipping í bréfi til Fréttablaðsins í gær. Hagstætt verður gerði félaginu kleift að koma dælum og búnaði um borð í skipið. Talsmaðurinn sagði ekki hægt að gefa upp tímalínu aðgerða þegar Fjordvik verður komið á flot en verið sé að meta skemmdir á skipinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Breytt veður leiðir hvalina af leið

**UMHVERFI** Kanadamenn velja því nú fyrir sér hvort hvalir séu að breyta ferðavenjum vegna loftslagsbreytinga, að því er grænlenka útvarpið segir.

Tveir búrhvalir sáust fyrr í haust rétt utan við Pond Inlet á Baffinslandi, vestan Grænlands. Þeir hafa ekki áður sést svona norðarlega.

Af grænlenka útvarpsins segir að höfuð búrhvala sé fremur mjúkt



og þess vegna mögulegt að þeir muni ekki geta rutt sér leið í gegnum isinn syndi þeir ekki suður á bóginn áður en vetur gengur í garð. – íbs

# Segir Orkuveituna slá dýr lán fyrir arðgreiðslu

Stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur segir óviðunandi að félagið sé reglulega skuldsett til að uppfylla skilyrði til arðgreiðslu. Framkvæmdastjóri hjá Orkuveitunni segir bankalán fyrirtækisins einn lið í því að hækka veltufjárlutfall.

**REYKJAVÍK** Stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur segir alvarlegt mál að félagið slái dýr lán gagnert í þeim tilgangi að greiða arð í hendur stjórnmalamanna. Orkuveitan tók lán upp á nærri þrjú milljarða króna hjá Íslandsbanka í lok árs 2016 en bankalánið átti þátt í því að veltufjárlutfall félagsins hækkaði þannig að skilyrðum fyrir arðgreiðslu var fullnægt.

Orkuveitan greiddi 750 milljóna króna arð til eigenda í fyrra og hyggst greiða 1.250 milljónir í arð á þessu ári. Reykjavíkurborg á tæplega 94 prósentu hlut í félaginu.

„Þarna er Orkuveitan í raun látin sitja uppi með gríðarlegan vaxtakostnað til þess eins að greiða Reykjavíkurborg arð,“ segir Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í Orkuveitunni.

Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitunnar, segir að samkvæmt fjárhagslegum markmiðum og skilyrðum beri Orkuveitunni, rétt eins og sveitarfélögum, að hafa veltufjárlutalið yfir einum. „Við högum fjármögnuninni í samræmi við það og þetta lán var einn liður í því,“ nefnir hann.

Hlutfall veltufjármuna af skammtaskuldum Orkuveitunnar, svokallað veltufjárlutfall, nam 0,8 árið 2016 en var komið vel yfir 1,0 um mitt ár 2017, þegar aðalfundur samþykkti að greiða út arð. Eitt af skilyrðum þess að félagið geti greitt út arð er að umrætt hlutfall sé yfir einum.

Hildur Björnsdóttir óskaði á stjórnarfundinum Orkuveitunnar í október eftir ítarlegum upplýsingum um lánið frá Íslandsbanka.



Orkuveitan greiddi 750 milljónir króna í arð í fyrra og hefur samþykkt að greiða 1.250 milljónir króna í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég kallaði fyrr í haust eftir upplýsingum um allar lántökur Orkuveitunnar síðustu árin,“ útskýrir Hildur, „og vakti þetta lán sérstaka athygli mína. Það sem vekur athygli er að lánið er greitt út 30. desember 2016, sem var síðasti virki dagur þess árs, og er það á verulega óhagstæðum kjörum miðað við þau kjör sem Orkuveitunni bjóðast.“

Ég spurðist frekar fyrir um lánið þar sem grunur minn var sá að lánið hafi verið gagnert tekið í einhverjum flyti til þess að uppfylla arðgreiðsluskilyrði.“

Hildur segir að um sé að ræða alvarlegt mál. „Þarna er Orkuveitan í raun látin sitja uppi með gríðarlegan vaxtakostnað til þess eins að greiða Reykjavíkurborg arð,“ nefnir hún. Það liggir fyrir að félagið sé reglulega

skuldsett í þeim tilgangi að hækka veltufjárlutfall og uppfylla arðgreiðsluskilyrði.

Eðlilegra sé að skuldir félagsins séu greiddar niður og gjaldskrár lækkaðar.

„Ég er fulltrúi eigenda í stjórninni, fulltrúi borgarbúa, og mér þykir eðlilegra að svigrúm í rekstrinum sé fært í hendur réttlægra eigenda með gjaldskrárlækkingum. Reykjavíkurborg innheimtir hæsta lögleyfða útsvar og er með fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði í botni, svo dæmi séu tekin, skattar sem mér þætti í báðum tilfellum rétt að lækka, og mér þætti því eðlilegt að það skattfé myndi nægja pólitíkinni vel ríflega til þess að standa hér undir grunnpjónustu,“ nefnir Hildur.

kristinningi@frettabladid.is

**DEILDARBUNGU BRÆÐUR 10. NOV.**

**Já, nú verður gaman!**

Þrumustuð laugard.  
frá kl. 23:00 - 03:00

Kringlukráin  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík

Sími 568 0878  
kringlukrain@kringlukrain.is  
www.kringlukrain.is

**KRINGLU KRÁIN**



# Ljósahelgi Garðheima

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LJÓSASERÍUM OG LJÓSAHLUTUM


MIKIÐ ÚRVAL AF  
HAGÆÐA ÚTISERÍUM  
SEM HAFA REYNST VEL  
VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



\*Tilboðin gilda til mánudagsins 12. nóvember 2017



BRÖNS HLABBORG  
Á SPÍRUNNI  
UM HELGAR  
KL 11:30-15:00



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is





Lífrikið þarf minnst 6 mánaða hvíld eftir að slátræð er úr laxeldiskvium. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

### Beiðni Arnarlax um undanþágu liggur óafgreidd

**LAXELDI** Ósk Arnarlax um undanþágu frá ákvæði um hvíldartíma hefur verið í vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í nær fjóra mánuði án niðurstöðu.

Fréttablaðið greindi frá því í september að kvartanir hefðu borist Umhverfisstofnun vegna brota á starfsleyfi. Eldissvæði væru ekki hvíld í að lágmarki 6-8 mánuði milli eldislota eins og skylt væri. Í mars tældi Arnarlax sjókvíar í Hringisdal í Arnarfirði. 6. júní hófst útsetning seiða þar á ný, aðeins þremur mánuðum eftir tæmingu.

» Arnarlax hóf útsetningu seiða í sjókvíar í júní aðeins þremur mánuðum eftir tæmingu þeirra í stað þess að biða í minnst sex mánuði.

Bændur í nágrenninu áttu í bréfaskriftum vegna málsins, fyrst við Umhverfisstofnun með kröfum um að Arnarlax yrði látið fara að lögum eða yrði ella svipt starfsleyfi. Svo við umhverfisráðuneytið með kvörtunum undan aðgerðarleysi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun tilkynnti Arnarlaxi um fyrirhugaða áminningu 16. júlí. Í kjölfarið sendi Arnarlax stofnuninni úrbótaáætlun sem miðaði að því að sótt yrði um undanþágu frá hvíldartíma til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Beiðnin var send ráðuneytinu 30. júlí, fyrir rúmum þremur mánuðum.

Í september sendi Umhverfisstofnun umsögn til ráðuneytisins og lagðist gegn því að Arnarlax fengi undanþágu frá starfsleyfi.

Ráðuneytið segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að unnið sé að því að ljúka málinu eins fljótt og auðið er. – að

# Rannsókn á akstursgreiðslum í ferli hjá forsætisnefnd þingsins

Ósk Björns Lévi Gunnarssonar alþingismanns um rannsókn á akstursgreiðslum þingmanna verður rædd í forsætisnefnd á mánudag. Þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson segist ekkert hafa gert rangt og er þreyttur á málinu. Björn vill að forsætisnefnd vísí málinu til réttara yfirvalda leiði rannsókn refsiverða háttsemi í ljós.

**STJÓRNMÁL** Nýtt erindi Björns Lévi Gunnarssonar til forsætisnefndar Alþingis um rannsókn á endurgreiðslum á aksturskostnaði þingmanna er komið í ferli innan forsætisnefndar þingsins og verður til umræðu á fundi nefndarinnar næsta mánudag. Þetta staðfestir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis.

Í erindi til forsætisnefndar endurtekur Björn fyrri ósk sína um rannsókn á akstursgreiðslum þingmanna, en greiðslurnar komust í hámmáli snemma á árinu í kjölfar svars forseta þingsins við fyrirspurn Björns þar að lútandi. Svörin sýndu gríðarlega háar fjárhæðir sem þingmenn hafa fengið vegna aksturs.

Þar sem fyrri beiðni þingmannsins um rannsókn strandaði á því að ekki hafi verið óskað eftir rannsókn á meintum brotum tiltekinna þingmanna, óskar hann nú eftir rannsókn á endurgreiðslum til allra þingmanna sem þegið hafa endurgreiðslur á aksturskostnaði en til vara á endurgreiðslum til Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

„Hann er með langhæsta aksturskostnaðinn og það sem er mikilvægara, fólk sem hann hefur „fundað með“ hefur haft samband við mig og vefengt að þeir fundir eigi að geta talist sem endurgreiðanlegur starfskostnaður,“ segir Björn á Facebook-síðu sinni um ástæðu þess að Ásmundur er einn þingmanna sérstaklega tilgreindur í erindinu til forsætisnefndar.

„Ég hef aldrei brotið neitt af mér, mér vitandi,“ segir Ásmundur Friðriksson aðspurður um beiðni Björns. Ásmundur kveðst orðinn mjög þreyttur á málinu; allir sem komið hafi að athugun þess hafi lýst því yfir að ekkert væri athugasemjefni hans endurgreiðslur. „Forseti þingsins hefur gefið út að það sé ekkert að, skrifstofa þingsins sömuleiðis að ekkert hafi verið að,“ segir hann.

Í erindi Björns er óskað eftir því að rannsað verði hvort síðareglur,



Forsætisnefnd Alþingis mun ræða beiðni um rannsókn á akstursgreiðslum á næsta fundi sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Ég hef aldegi brotið neitt af mér, mér vitandi.

Ásmundur Friðriksson alþingismaður



háttisreglur eða lög hafi verið brotin og hvort vísa þurfi málinu til þar til bærra yfirvalda. Óskar Björn eftir því að fram fari rannsókn á því hvort samræmi sé milli reikninga og endurgreiðslna sem inntar hafa verið af hendi og hvort skýringar í akstursdagbók um fundarboð teljist nægilegar samkvæmt reglum um endurgreiðslu ferðakostnaðar. Óskar Björn eftir því að rannsóknin

nái nægilega langt aftur í tímann til að ná til mögulegra hegningarlaga-brota sem ekki eru þegar fyrmd.

Jón Þór Ólason, sérfræðingur í refsirétti, sagði í viðtali við Fréttablaðið í vor að röng skráning í akstursdagbók geti falið í sér fjársvik og er í erindi þingmannsins til forsætisnefndar vísað til þessarar fréttar blaðsins.

Aðspurður um ástæður þess að hann vísi málinu ekki beint til lögreglu telji hann þingmenn hafa brotið hegningarlög segir Björn það vera hlutverk forsætisnefndar að vísa málinu til þar til bærra yfirvalda vakni grunur um refsivert athæfi við skoðun málsins. Þess vegna beini hann erindi sínu til forsætisnefndar. Fréttablaðið spurðist fyrir hjá embættum lögreglu og héraðssaksóknara um feril mála af þessum

» fólk sem hann hefur „fundað með“ hefur haft samband við mig og vefengt að þeir fundir eigi að geta talist sem endurgreiðanlegur starfskostnaður

Björn Lévi Gunnarsson alþingismaður



toga og fékk þau svör að lögregla geti hafið rannsókn á málum að eigin frumkvæði telji hún ástæðu til, hins vegar sé eðlilegt að stofnanir nýti eigin eftirlitsferla fyrst og vísi málum svo áfram til lögreglu sé talin ástæða til. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## Jóladagatöl fyrir fullorðna

Sjáðu úrvalið á kronan.is



Jóladagatal, súkkulaði og lakkriskúlur.

1999 kr. pk.



Osta jóladagatal

3999 kr. pk.



Revolution snyrtivöndagatal Varalitr, augnskuggar og burstar

6590 kr. pk.



KRONAN



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

Oll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengil.



**Cocoa  
Puffs**

**Algjört  
súkkulæði!**





## TÆKNI

## Samanbrotinn sími


Samsung kynnti síma sem hægt er að brjóta saman. Er í raun spjaldtölva og snjallsími í sama tækinu. Þessi ný sími er ekki sá fyrsti sinnar tegundar en hann er bæði sá þróaðasti og sá líklegasti til þess að ná almennilegri útbreiðslu.

Samsung sýndi á spilin í vikunni og kynnti loksins, eftir að orðrómur hafði lengi verið á kreikri, samanbrjótanlegan snjallsíma sinn. Fyrirtækið sýndi símann á fjölsóttri kynningu og þótt sýningin hafi bæði verið stutt og afar takmörkuð hafa bandarísku tæknimiðlarnir varið heilu dálkametrinum í umfjöllun um græjuna.

Timi samanbrjótanlegra síma er kominn, sagði í umfjöllun CNet. Hvort sú staðhæfing reynist rétt veltur á viðtökum neytenda og því hvort neytendur sjái raunverulegt notagildi í því að geta brotið síma sinn saman eða opnað hann eins og bók og þannig verið með bæði síma og spjaldtölvu í einu og sama tækinu.

Það sem gerir síma Samsung, sem talið er að fái nafnið Galaxy X eða Galaxy F, spennandi er það að utan á honum er minni 4,5 tommu skjár en þegar síminn er opnaður eins og bók eða veski þá birtist 7,3 tommu skjár. Miðað við það sem sást á kynningu Samsung, þar sem síminn var sýndur í greipum kynnisins og baklýsing takmarkaði hversu vel síminn sást, eru engar hjarir sem skipta stærri skjánum í tvennt.

Samkvæmt Samsung er það hin nýja Infinity Flex Display tækni sem gerir þetta mögulegt. Skjárinn er mun þynnri en venjulegir skjáir



Samsung sýndi þennan nýstárlega síma á kynningu í vikunni. MYND/SAMSUNG

og lögnum er haldið saman með nýju limi sem á að koma í veg fyrir að skjárinn brotni þótt hann sé beygður eða brotinn saman, „þúsund sinnum“.

Samsung Galaxy X eða F eða eitthvað allt annað er þó ekki fyrsti samanbrjótanlegi snjallsíminn sem sést hefur. Í síðustu viku kynnti Royole síma að nafni FlexPai. Sá sími mun trúlega aldrei ná viðlíka útbreiðslu og símar Samsung en er þó byggður á sömu hugmynd. Stóri skjárinn var reyndar utan á.

Þá er vert að nefna Axon M, síma

sem ZTE setti á markað í fyrra. Hann var þó öllu einfaldari útgáfa af samanbrjótanlegum síma og samantóð af tveimur venjulegum skjáum og voru hjarirnar á milli einkar vel sýnilegar.

Samkvæmt því sem kom fram á kynningu Samsung verður síminn settur í fjóldaframleiðslu á næstu mánuðum og má búast við því að hann verði settur á markað árið 2019. Að auki kom fram að í vændum væru til að mynda upprullanlegir og teygjanlegir skjáir.

thorngnyr@frettladid.is



Tölvuleikjaheimurinn virðist ánægður með Arthur Morgan. MYND/ROCKSTAR

## Ævintýralegar vinsældir Red Dead Redemption

Það er ekki hægt annað en að segja að tölvuleikjunnendur hafi tekið Red Dead Redemption 2, úr smíðju Rockstar Studios, opnum örmum. Í leiknum er spilað í gegnum ævintýri útlagens Arthurs Morgan í Villta vestrinu en þótt leikurinn kallist númer tvö er á ferðum forsaga fyrir leikins, Red Dead Redemption.

Take-Two Interactive, eigandi Rockstar, hefur greint frá því að á fyrstu átta dögum hafi leikurinn selst í heilum sautján milljónum eintaka. Þannig hafi hann selst í fleiri eintökum en fyrirrennarinn gerði á átta árum. Samkvæmt frétt Fortune gerðu greinendur ráð fyrir því að tíu til tólf milljónir eintaka myndu seljast á fyrstu þremur mánuðunum.

„Við erum afar ánægð með hvernig þetta gengur. Við höfum selt meira en sautján milljónir eintaka.

Til þess að setja þá sölu í samhengi þá eru það fleiri eintök en seljast af flestum tölvuleikjum alla þeirra stafrænu ævi,“ sagði forstjórinn Strauss Zelnick við Fortune.

Áður hafði fyrirtækið sagt frá því að leikurinn hafi selst fyrir 725 milljónir dala fyrstu þrjá dagana. Einungis einn leikur hefur toppað þá tölu og það er Grand Theft Auto V, einnig úr smíðju Rockstar.

Gagnrýnendur eru alveg jafnhirfnir af Red Dead og aðrir. Samkvæmt meðaltali dóma sem Metacritic tekur saman fær leikurinn 97 af 100 og hefur enginn leikur fengið betri einkunn í ár. Sé horft til bestu leikja allra tíma deilir Red Dead sjötta sætinu með fjölmörgum leikjum. Enginn hefur fengið 100 stig en The Legend of Zelda: Ocarina of Time situr efst með 99. – þea

85  
ÁRA HEKLA



Á 85 árum hefur HEKLA verslað með raftæki, vinnuvélar, sjampó, rakvörur, þurrkaðar apríkósur og bíla, eða löngu fyrir þann tíma er eðlilegt var að nefna „gjaldeyrir- og innflutningsleyfi“ í bílaauglýsingum og orðið „jeppi“ var nýyrði í gæslöppum.

Vörumerki eins og Hudson, Kenwood, Caterpillar, Remington, Servis, Rambler, International, Land Rover, Bendix og John Deere voru nánast hilluvara hjá HEKLU þegar vel áraði á landinu bláa en smám saman færðist fókusinn á bíla einvörðungu.

Önnur vara s.s. þvottavélar, isskápar, hrærivélar, disilvélar fyrir báta og múgavélar hurfu úr vöruúrvali HEKLU og þá þótti við hæfi að birta tilkynningar sem þessa í dagblöðum: Það tilkynntist hér með að frá og með 1. apríl hættum við sölu á Gillette rakvélblöðum, rakakremi og rakvélum.<sup>1996</sup>

Slagorðið - hjá Audi er ekkert næstum því<sup>1978</sup> segir meira en mörg orð og er hverju orði sannara enn í dag. Audi leiðir rafvæðingu fólkubíla með stöðugri og metnaðarfullri þróun.

Q8 sportjeppinn er áttunda viddin í Audi fjölskyldunni og ber henni gott vitni, sameinar áður óþekktar tækni, glæsileika, öryggi og akstursánægju.

Í dag eru 13 grunntegundir Audi bíla í boði og hafirðu tímamót fyrir þér læturðu sérsníða einn að þínum smekk. Audi gengur ýmist fyrir raforku, bensini, metan eða disil.

Framtíðin er óráðin en Audi verður þar í forystu.

5 ára  
ábyrgð



Audi A1

NÝR - væntanlegur



Audi A3

FRA 4.790.000 KR



Audi A3 e-tron

FRA 4.560.000 KR



Audi A3 g-tron

FRA 4.090.000 KR



Audi A8

Sérþöntun



Audi Q2

FRA 4.950.000 KR



Audi SQ7

FRA 19.990.000 KR



Audi TT

FRA 8.490.000 KR



# Rússarannsóknin sögð í hættu

Breytingar í dómsmálaráðuneytinu eru tilraun til þess að binda enda á rannsókn á meintu samráði forsetaframboðs Donalds Trump við Rússa, segja Demókratar. Rússarannsóknin er sögð vera í lokametrunum.

**BANDARÍKIN** Þótt miðkjörtimabils-kosningar í Bandaríkjunum séu yfirstaðnar og kosningabaráttu því lokið er ekki hægt að tala um að nein ró sé komin í bandarísk stjórnmal. Í gær, á fyrsta degi eftir kosningar, var tilkynnt að Donald Trump hefði farið fram á og fengið afsögn dómsmálaráðherra Jeffs Sessions.

Samband Trumps og Sessions var satt best að segja eitrad. Trump var óánægður með að Sessions hafi lýst sig vanhæfan til þess að hafa umsjón með rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á meintu samráði forsetaframboðs Trumps við rússnesk stjórnvöld um afskipti Rússa af kosningunum. Rannsóknina sjálfa kallar Trump svindl og nornaveidar.

Matthew Whitaker, starfsmanna-stjóri ráðuneytisins, er nú starfandi dómsmálaráðherra. Sem slíkur gæti hann, eða eftirmaður hans, bundið enda á rannsóknina eða tekið stjórnina af Rod Rosenstein aðstoðar-dómsmálaráðherra. Whitaker hefur áður sagt að rannsóknin sé á afar gráu svæði og þannig í raun tekið undir með Trump.

Demókratar, sem unnu meirihluta í fulltrúadeildinni á þriðjudag og geta þannig sett af stað rannsóknir á meintum brotum forsetans, hafa staðið með Mueller og rannsakendum hans. Nancy Pelosi, sem líklega tekur aftur við embætti forseta neðri deildarinnar, sagði að brottrekstur Sessions væri augljós tilraun til þess



Jeff Sessions og Donald Trump á meðan allt lék í lyndi. NORDICPHOTOS/AFP

að losna við Mueller. Flokksmenn hafa kallað eftir því að Whitaker lýsi sig sömuleiðis vanhæfan en því ákalli hefur ekki verið svarað.

CNN greindi svo frá því í gær, og hafði eftir ónafngreindum heimildarmönnum, að teymi Muellers sé byrjað að skrifa lokaskýrslu rannsóknarinnar. Er því ljóst að rannsóknin er á lokametrunum þótt vissulega sé eftir að loka ákveðnum köflum. Stærsti hlutinn snýr að störfum Rogers Stone, ráðgjafa Trumps, fyrir framboðið.

Rannsóknin er ekki eina umdeilda

mál gærdagsins í Bandaríkjunum. Hvíta húsið ákvað að svipta Jim Acosta, fréttamann CNN, blaðamannapassa sínum í Hvíta húsið og birti Sarah Sanders, upplýsinga-fulltrúi forseta, myndband þar sem Acosta virtist slá til konu er hann átti í rífrildi við Trump á miðvikudag. Hins vegar hafði verið átt við myndbandið, að sögn bandarískra miðla, og á því hraðað svo Acosta virðist slá til konunnar. Útgáfan sem Sanders deildi er sögð komin frá samsæriskenningsiðunni Infowars.

Þá á enn eftir að klára talningu

## Ginsburg rifbeinsbrotin

Greint var frá því í gær að Ruth Bader Ginsburg, frjálslýndur hæstaréttardómari skipuð af Bill Clinton, hefði dottið á skrifstofu sinni og brotið þrjú rifbein. Það þýðir að hún gæti verið frá störfum um nokkurt skeið. Ginsburg er 85 ára og því gætu meiðslin verið alvarlegri en hefði yngri manneskja lent í sambærilegum meiðslum. Demókratar hafa að undanförmu sagt í nokkru gríni að vefja ætti henni inn í bóluplast svo hún haldi heilsu og þurfi ekki að hætta í hæstarétti. Öttast sem sagt að Trump fái að skipa sinn þriðja hæstaréttardómara og þannig fjölga íhaldsmönnum í hæstarétti úr fimm í sex af þeim niu sem skipa réttinn.



atkvæða í á öðrum tug kjördæma. Til dæmis hefur ekki verið skorið úr um hverjir verða ríkisstjórar Flórída og Georgíu sem og öldungadeildarþingmaður frá Flórída og Arizona þótt Repúblíkanar virðist reyndar líklegir til að taka öll þau sæti. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)



FBI á vettvangi. NORDICPHOTOS/AFP

## Myrti tólf á krá í Kaliforníu

**BANDARÍKIN** Með skammbýssu og reyksprengju að vopni myrti svartklæddur árásarmaður tólf gesti kántríkrár í suðurhluta Kaliforníu í fyrrinótt og virðist svo hafa svipt sig lífi. Frá þessu greindi AP í gær og vitnaði í yfirvöld á svæðinu sem segðu aukinheldur að ástæða árásarinnar væri þeim ekki kunn. Málið væri til rannsóknar hjá lögreglu.

Lögregla hefur þó borið kennsl á meintan árásarmann. Hann hét Ian David Long, var 28 ára og fyrrverandi landgönguliði. Geoff Dean, lögreglustjóri Ventura-sýslu, sagði við fjölmiðla að lögregla hefði nokkrum sinnum haft afskipti af Long. Meðal annars hefur geðheilbrigðislið lögreglu var kallað á heimili hans í apríl. Þá var Long reður og með óráði en var ekki tekinn fastur.

Árásin var sú mannskæðasta í Bandaríkjunum frá því sautján nemandur og kennarar voru myrt í skóla í Parkland í Flórída fyrir níu mánuðum. Einungis hálfur mánuður er svo frá því að árásarmaður felldi ellefu í bænahúsi gyðinga í Pittsburgh. —þea



# AUDI AÐ YÐAR SMEKK



Audi A4 FRA 6.550.000 ISK



Audi A6 NYR - vantanlegur



Audi A7 TDI FRA 12.750.000 ISK



Audi A7 TFSI FRA 12.990.000 ISK



Audi Q3 NYR - vantanlegur



Audi Q5 FRA 8.460.000 ISK



Audi Q7 FRA 10.980.000 ISK



Audi Q7 e-tron FRA 10.990.000 ISK



Q8 FRA 11.490.000 ISK



Audi e-tron Vantanlegur

Ópið á morgun  
12-16

## KOMIÐ Í BÍLTÚR

Þér finnið alltaf einn Audi að yðar smekk.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · Hekla.is · Audi.is







## Smákökudeig

### 3 GÓMSÆTAR TEGUNDIR

- Piparmolar & súkkulaði
- Daim kurl & súkkulaði
- Lakkrísbitar & karamellusúkkulaði



Tilboð gilda út 11. nóvember



#### Boom Chicka Pop

Vinsæla ameríska sælkerapoppið

**499** kr/pk



#### M&M's Caramel

Þessi sem slegið hefur í gegn

**999** kr/pk



#### Ghirardelli

Bestu smákökurnar eiga skilið besta súkkulaðið

**899** kr/pk



#### Nocco

Rúðólfs jólæpli

**299** kr/stk



#### Betty Crocker

Gooey Salted Caramel Brownie Mix og Salted Caramel krem

verð frá **399** kr/pk



#### Toro súpur

Einfalt og þægilegt

Verð frá **215** kr/pk  
Verð áður 269

**20%**  
afsláttur



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni



# Meira svona alla daga

15%  
afsláttur



Stokes Burger Relish

Fyrir sælkera borgara

**599** kr/stk



## Smash Style

2 x 100 g

**450** kr/pk  
Verð áður 529

2 x 120 g

**501** kr/pk  
Verð áður 589

2 x 140 g

**552** kr/pk  
Verð áður 649



Sósur sem gera góðan borgara betri

**349** kr/stk



20%  
afsláttur

Ribeye

**4.399** kr/kg  
Verð áður 5.499 kr/kg



25%  
afsláttur

Tandoori lambalæri

**1.799** kr/kg  
Verð áður 2.399 kr/kg



20%  
afsláttur

Úrbeinuð kjúklingalæri

**1.919** kr/kg  
Verð áður 2.399 kr/kg

**HAGKAUP**

Meira svona alla daga



# Viðvörðun



Hörður Ágísson  
hordur@frettabladid.is

Vaxtahækkun peningastefnunefndar Seðlabankans í vikunni átti ekki að koma neinum á óvart. Nefndin taldi, réttlæga eða ranglega, að hún ætti engra annarra kosta völ en að sýna tennurnar. Trúverðugleiki hennar væri að öðrum kosti undir. Bankinn hefur það lögbodna hlutverk að halda verðbólgu um eða undir 2,5 prósentum, sem tókst samfleytt í meira en fjögur ár, en á mjög skömmum tíma hafa hins vegar verðbólguhorfur farið hratt versnandi, þrún sem peningastefnunefndin hefur metið að hún gæti varla litið fram hjá. Fatt virðist geta komið í veg fyrir að vextirnir muni hækka enn frekar á næsta ári.

Ákvörðun um hækkun vaxta er sjaldnast til þess fallin að vekja sérstakar vinsældir. Svo var auðvitað ekki heldur í þetta sinn. Forystumenn verkalyðshreyfingarinnar hafa sagt vaxtahækkun Seðlabankans fela í sér ströðsýfir-lýsingu. Þeir hafa hins vegar því miður kosið að lita ekki í eigin barm og hvort herskár málflutningur stéttarfélaganna, ásamt þeim óraunhæfu kröfum sem kynntar hafa verið úr þeim herbúðum, kunni að hafa verið orsakavaldur að baki hækkandi verðbólguvæntingum síðustu vikna og mánaða sem aftur reð hvað mestu um vaxtahækkunina. Fyrir flesta er svarið augljóst. Það er rétt sem bent hefur verið á að kröfugerð verkalyðsfélaganna er um margt ósamrýmanleg – lægri vextir og gríðarlegar nafnlaunahækkningar – og afleiðingarnar vöðu, eins og reynslan ætti að hafa kennt Íslendingum, stórfelld verðbólga og í kjölfarið skuldakreppa hjá mörgum heimilum.

Færa má fyrir því rök að gengisveiking krónunnar að undanförunu, sem hefur auðvitað ekki hvað sist stafað af óvissu um stöðuna á vinnumarkaði og miklum rekstrarerfiðleikum WOW air, hafi verið meiri en eilla sökum ákvörðunar Seðlabankans að viðhalda stífari innflæðis-höftum en nauðsyn hefur krafist. Það var því fagnaðar-efni þegar bankinn tilkynnti um losun þeirra með því að lækka bindiskyldu á innflæði erlends fjármagns úr 40 prósentum í 20 prósent. Þótt setning innflæðishaftanna hafi verið réttlætunleg sumarið 2016, samtímis því að skref voru tekin til að takast á við aflandskrónustabbann, þá hefur öllum mátt vera ljóst að aðstæður til að rýmka höftin hafa fyrir margt löngu verið fyrir hendi. Flest bendir til þess að fjármagnsinnflæði í íslensk skulda-bréf við þá breytingu sem Seðlabankinn hefur gert á höftunum verði hverfandi ef nokkuð. Seðlabankastjóri hefur sagt tilefni til að slaka enn frekar á þeim á næstunni og það hlýtur því aðeins að vera tímanspursmál hvenær gengið verði enn lengra og þau afnumin að fullu. Hagkerfið þarf á auknum erlendum fjárfestingum að halda.

Ísland stendur á krossgötum. Raunvextir Seðlabankans hafa lækkað um tvær prósentur – úr þremur prósentum í líðlega eitt prósent – á innan við tveimur árum. Þessi lækkan, sem kemur til bæði vegna sögulega lágrar verðbólgu og lækkanandi nafnvaxta, hefur skilað almenningi miklum kjarabótum. Forsendur til að halda áfram á sömu braut eru til staðar. Þar skiptir mestu jækvæð eignastaða við útlönd, áframhaldandi sparnaðarheigð heimila og fyrirtækja, minnkandi skuldir innlendra aðila og að langtíma verðbólguvæntingar hækki ekki frekar frá því sem nú er. Allir vita hins vegar hvar stóra óvissan liggur. Seðlabankinn hefur núna sent frá sér viðvörðun til aðila vinnumarkaðarins. Vonandi verður mark á henni tekið.



Ákvörðun um hækkun vaxta er sjaldnast til þess fallin að vekja vinsældir.

## Haldór



## Frá degi til dags

**Kínverskur kratismi**  
Fréttablaðið.is greindi í gær frá því að Jón Baldvín Hannibalsson hafi í sumar vakið stormandi lukku í Kína er hann kynnti bók sína „Norræna módelið gegn ögrun nýfjárlshyggjunnar“. Kínverjar sýndu bókinni slíkan áhuga að unnið er að því að fá fagnaðarindrið þvitt á kínversku. Spurður hvort líkur væru á því að Kínverjar hefðu raunverulegan áhuga á að tileikna sér skandinavíska jafnaðarhugsun sagði hann slíkt ekki svo fráleitt. Hann teldi nefnilega Deng Xiaoping, manninn sem „leiddi Kína inn í nútímann“, merkasta „sósíaldemokrat seinustu aldar“ vegna þess að ólíkt félag Gorbatsjov í Sovét hafi honum tekið að lyfta 700 milljónum manna „úr miðaldaörbírð til bjalgána á ótrúlega stuttum tíma“ með virkjun markaðsaflanna undir öflugri handleiðslu ríkisvaldsins.

**Siberíuferð í sjónvarpið**  
Jón Baldvín þvældist þó ekki gagnert til Kína til að boða norræna jafnaðarmennsku heldur létu hann og eiginkona hans, Bryndis Schram, gamlan draum rætast í tilefni af 80 ára afmæli Rýndis og fóru með Siberíulestinni í gegnum fimm tímabelti frá Kína til Moskvu. Jón Baldvín segir þau hjonin hafa haldið dagbók um ferðina sem verði „á dagskrá Ríkisútvarpsins einhvern tímann milli hátíðanna“. thorarinn@frettabladid.is

## Umhverfishing fer fram í dag



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

Metföldi hefur skráð sig á Umhverfishing sem fram fer í dag og fjallar um nýja nálgun í náttúruvernd. Eg boðaði til þingsins til að reða þau fjölmörgu tekiðferi sem falist geta í friðlýsingum. Umræða um þjóðgarð á miðhálandinu verður fyrirferðarmikill, enda er tillaga um miðhálandisþjóðgarð nú í fyrsta sinn skrifuð í stjórnarsáttmála sem eitt af stefnumálum ríkisstjórnar á Íslandi og þverpólitísk nefnd vinnur að frangangi málsins. Það er einstakt að finna þennan mikla áhuga á Umhverfishingu og efni þess – og á umhverfismálum almennt. Meðvitund um mikilvægi umhverfismála hefur stóraukist á stuttum tíma og það er fagnaðarefni.

**Loftslagsmál, plast og náttúruvernd**  
Við megum aldrei gleyma því að við fengum Jörðina að láni og verðum að gæta hennar vel. Loftslagsmálin eru stærsta sameiginlega áskorun mannkyns en við búum einnig í heimi sem við höfum fyllt af plasti með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Þessu verðum við að sporna gegn. Aðgerðaaætlunin í loftslagsmálum, sem kynnt var hér á landi í haust, markar mikilvæg skref í þessum efnum. Eg hlakka líka til að vinna með tillögur frá starfshöpi um plastmengun sem ég skipaði í sumar og hefur nú afhent mér lista af aðgerðum um hvernig draga má úr notkun plasts, bæta endurvinnslu og minnka plastmengun í hafi. Auk þess að vinna markvisst að aðgerðum vegna loftslagsbreytinga og plastmengunar verðum við að gæta náttúruverndar og vernda hana. Ísland statar af einstökum náttúruminjum sem eiga fáa sína líka á heimsvísu. Ábyrgð okkar á að varðveita þær er mikil. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um sérstakt átak í friðlýsingum og það er eitt af áherslumálum mínum sem ráðherra. Tengt átakinu verða á Umhverfishingu í dag m.a. kynntar niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar sem Hagfræðistofnun HI var falið að vinna um efnahagsleg áhrif friðlýsinga á Íslandi, auk þess sem skýrt verður frá niðurstöðum um viðhorf almennings til miðhálandisþjóðgarðs. Fram undan er spennandi Umhverfishing – spennandi tímar.



Það er einstakt að finna þennan mikla áhuga á þinginu og efni þess – og á umhverfismálum almennt.

- ▶ FÁNAR
- ▶ LÍMMIÐAR
- ▶ AUGLÝSINGASKILTÍ



Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.

Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.



Fjölprent  
Norðlingabraut 14  
fjolprent.is  
S. 581 4141



# Bítum á jaxlinn

Í DAG

Bórlindur Kjartansson



**Stundum felst mesta harkan í því að bíta á jaxlinn og setta sig við að maður þurfi að jafna sig en ekki í að rjúka af stað í misskildum hetjuskap til þess eins að slá svo aftur niður í næstu lægð.**

Nú er runnin upp á Íslandi timi slens og sljóleika, hæsi og hósta, vægra höfuðverkjá og morgunstíflaðra öndunarfaera. Þetta er timinn þar sem fáir komast á fætur nema með miklum herkjum fyrir ýmiss konar kvillum, stífleika og verkjum. Haustlægðirnar bera ekki aðeins með sér umhlyppinga, hvassviðri, slyddu og slor heldur ýmiss konar mätleyfi, þunglyndi, pestir og hor. Það er á þessum árstíma sem fjöldinn allur af fólki horfir með tregablöndnum augum til himins og sér fugla og flugvélar á leiðinni suður til heitari svæða, og finnst hlutskipti sitt vera lítið annað en hörmungarhokur, þreyta og mæða.

**Með farfuglum**

Þegar maður les um velmegandi stéttir fyrri alda, hvort sem þær voru á Íslandi eða í Norður-Evrópu, þá er ekki óalgengt að sjá að fólk hafi við hvert tækifæri flúið undan naprasta vetrarveðrinu. Þá var talað um að „dveljast sér til heilsuþótt og hressingar“ á einhverjum suðrænum sæluslóðum þar sem sólin

skein og vinið flóði á meðan hjarnskjöldur lá yfir heimahögunum og lifið þar í algjörum vetrardröma. Á Íslandi hefur það vist færst í vöxt að þeir sem geta hefji sig til lofts með farfuglum og dveljist í lengri eða skemmri tíma á suðlægri slóðum þar sem bæði verðlag og veðurfar er skaplegra en hér heima. En ekki eru allir svo lán-samir. Flest erum við dæmd til þess að berjast í gegnum nokkra bylji á vetri hverjum, sitja inni og hlusta á óveðrin berja á gluggunum og þurrka horið úr treflum barnanna þegar þau koma heim eftir að hafa verið úti að leika sér í rauðrar-við-vörunar-veikri.

**Kvefskílingur**

Ýmsar kenningar eru á sveimi um af hverju fólk fær frekar kvefpestir á vetrarna heldur en sumrin. Ein er sú að þegar skólarnir byrja á haustin þá virki það eins og ein allsherjar útihátið fyrir veirur og sýkla, sem stökkvi á milli barna og berist

þannig inn á heimili og svo út á vinnustaði. Önnur kenning er sú að á sumrin séum við einfaldlega betur í stakk búin til þess að takast á við kraftinni krankleika, líkaminn hafi meira mótstöðubrek í sólskini og hlýindum heldur en í dimmuni, kuldanum og rokinu á haustin. Hvort tveggja inniheldur örugglega ýmis sannleikskorn.

Enn ein kenning er að algengt sé að rakastig á íslenskum heimilum sé svo lágt að það stuðli að heilsutjóni. Og svo má ekki gleyma því að skammdegið sjálft yfir líklega enn frekar undir slappleika þjóðarinnar—og það ykist vitaskuld vegna þeirrar undarlegu ráðstöfunar okkar að stilla klukkuna ekki eftir gangi sólarinnar heldur meintum viðskiptahagsmunum flugfélags og óskum áhugafélks um golfþróttina. En haustflensurnar verða auðvitað ekkert skemmtilegri þótt maður komist til botns í að skilja þær. Það er hins vegar margt sem bendir til þess að það sé engin sérstök ástæða til þess að skammast sín fyrir að vera illa upplagður á veturna. Langt fram eftir öldum tókadist ekki á Íslandi að vinna nema allra átaksminnstu innvinnu yfir hörðustu vetrarmánuðina.

**Misskilinn hetjuskapur**

Það er líklega rétt að taka fram að engin læknisfræðimennntun býr að baki þeim kenningum sem hér hefur verið tæpt á og eru þær mjög umdeildar, jafnvel inni á minni eigin heimili. En eflaust eru fleiri



að velja þessu ástandi fyrir sér nú þegar þjóðin er meira og minna öll byrjuð að finna fyrir einhverjum einkennum skammdegisins. Fólk flettir upp á internetinu hvort hægt sé að taka of stóra skammta af D-vítamini, lýsi er helli í gegnum trekt ofan í fjölskyldumeðlimi, ýmiss konar remediur úr íslenskum fjalla-jurtum eru keyptar dýrum dómum í apótekum og bruddar dögum saman, saltlausnum er sprautað um í stíflaðar nasir, verkjalyf með kirsuberjabragði eru leyst upp í heitu vatni, kóniak er drukkið úr mjólkurglósom í lækningaskyni og fólk flækist á milli heitra og kaldra potta og blautra og þurra gufuklefa.

Almennt er það eflaust fyrir bestu að bíta á jaxlinn og halda sínu striki, nema hinn valkosturinn sé að stökkva upp í flugvél og dveljast á Tenerife í nokkra daga. Hins vegar

hlýtur það að vera umhugsunarefni þegar það krefst einhvers konar lyfjainngrips hjá fólki að hvort í gegnum vinnuvikurnar hvort betur sé heima setið en af stað farið. Læknar virðast nefnilega fletir á því að besta meðalið við slappleika og sleni sé einfaldlega að hlusta á það sem líkaminn er að reyna að óskra á mann. Að taka frekar nokkra daga í sæmi-legrí ró heima hjá sér og ná sér að fullu frekar en að berjast í margar vikur eða mánuði á hálfum hraða, með samanbitna kjálka og stíflað nef, smitandi allt í kringum sig og afkastandi litlu.

Stundum felst mesta harkan í því að bíta á jaxlinn og setta sig við að maður þurfi að jafna sig en ekki í að rjúka af stað í misskildum hetjuskap til þess eins að slá svo aftur niður í næstu lægð.

# Bjóðum börnin velkomin



Gunnlaugur Stefánsson  
Heyðidölmur

mikla fjármuni af því að það kostar umtalsvert fyrir opinbera þjónustu að taka þátt í uppeldi fatlaðs barns. Gæti verið að föstureyðingar hafi reynst afkastamesta sparnaðar- og hagræðingaraðgerð sem beitt hefur verið í heilbrigðis- og velferðarkerfinu?

Því verður samt ekki trúað, að fyrirætlan stjórnvalda að lengja frestinn, og þar með að fækka fæðingum fatlaðra barna, sé m.a. fram borin í hagræðingarskyni fyrir ríkissjóð. Hitt liggur fyrir, þegar föstureyðingar voru lögleiddar fyrir 43 árum, þá var marglýst yfir, að föstureyðing væri neyðarúrræði. Stjórn-málalammenn héttu að leggja sig fram um að bæta félagslegar aðstæður fólks, búa betur að fötludum og útrýma fátækt, – m.a. til að draga úr félagslegum þrýstingi á sjálfs-ákvörðunarrétt verðandi foreldra til að eyða föstri. Erum við enn í

sömu sporum? Við höfum notið tækniframfara og þægindabyltinga á flestum sviðum. Dugar það til að taka sjálfsákvörðunarréttinn út úr öllu samhengi aðstæðna svo gildi í einhverju tómarúmi?

Samt eru það enn félagslegar aðstæður sem ráða mestu í ákvörðun um föstureyðingu. Þá svifur yfir umræðunni þessi kvíði og ótti við að eignast fatlað barn og ala upp. Gildir enn, að það sé svo erfitt, dýrt og bindandi að ala upp fatlað barn, að ekki sé á nokkurn mann leggandi? Víst eru í húfi viðkvæmar aðstæður sem verður að sýna nærgætni og virða við ákvörðun um föstureyðingu. Við dæmum heldur ekki fólk sem gengur í gegnum erfiða reynslu föstureyðingar og á að njóta stuðnings og umhyggju. En við verðum líka að beina sjónum að félagslegum aðstæðum, ekki sist fatlaðra og þörfinni á að gera betur

í að hlúa að þeim eins og frekast má. Þar gegna stjórnvöld stóru hlutverki og bera mikla ábyrgð, – og ættu að hafa talsvert fjárhagslegt svigrúm til þess í ljósi sparnaðarins með föstureyðingum í 43 ár.

Ég þekki, að það fylgir álag á foreldra og fjölskyldu að ala upp fatlað barn, en er líka samföðri í hamingju og lífsgleði, – nema helst í sam-skíptum við velferðarkerfið. Þar geta múrar og veggir verið háir og illkleifir. Það liggur stundum við, að sú hugsun hvarfli að mér, að hin opinberu skilaboð séu: „Barnið er á þína ábyrgð samkvæmt sjálfs-ákvörðunarrétti þínum og kemur okkur ekki við.“

Bjóðum börnin velkomin í heiminn og leggjum allt af mörkum í okkar valdi svo það megi verða. Það er kjarni málsins og þá fyrst er sjálfs-ákvörðunarréttur verðandi foreldra í gildi.



**Víst eru í húfi viðkvæmar aðstæður sem verður að sýna nærgætni og virða við ákvörðun um föstureyðingu. Við dæmum heldur ekki fólk sem gengur í gegnum erfiða reynslu föstureyðingar og á að njóta stuðnings og umhyggju. En við verðum líka að beina sjónum að félagslegum aðstæðum, ekki sist fatlaðra og þörfinni á að gera betur í að hlúa að þeim eins og frekast má.**

Sjálfsákvörðunarréttur er léttvægur, ef einstaklingur neyðist til að taka aðfyrirlika ákvörðun gegn vilja sínum vegna aðstæðna á annarra valdi. Nú hefur verið upplýst, að meginrökin fyrir því að lengja frest til að framkvæma föstureyðingu séu að gefa verðandi foreldrum meira svigrúm til að komast hjá að eignast fatlað barn. Fyrir liggur að fjöldi föstra hefur verið eytt vegna líkinda á fötlun. Það hefur sparað ríkissjóði

Föstudaginn 16. nóvember gefur Fréttablaðið út sérblaðið

## DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Blaðið verður unnið í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem sér um ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði dagsins.

Í blaðinu verða viðtöl og greinar sem tengjast hátíðinni. Að vanda verður boðið upp á hefðbundin auglýsingahólf og umfjallanir sem blaðamenn Fréttablaðsins vinna í góðu samráði við auglýsendur.

Stór dreifing og mikill lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til ákjósulegra markhópa.

**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Ruth Bergsdóttir  
ruth@frettabladid.is Sími: 694 4103





# Býst við að spila í Svíþjóð

Frumraun Svövu Rósar Guðmundsdóttar í atvinnumennsku gekk eins og í sögu en hún var markahæsti leikmaður Róa á tímabilinu sem leið. Hún býst við því að færa sig yfir til Svíþjóðar fyrir næsta tímabil.

**FÓTBOLTI** Svava Rós Guðmundsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, sló í gegn með norska liðinu Róa á leik-tíðinni sem var að ljúka. Lið hennar sigldi lygnan sjó um miðja deild og hafnaði í sjöunda sæti deildarinnar með 31 stig eftir 10 sigurleiki, tvö jafntefli og tíu tapleiki. Eitt stig var dregið af liðinu vegna fjárhagsvand-ræða félagsins.

Hún ræðaði inn mörkum á sínu fyrsta keppnistímabili með liðinu og þegar upp var staðið hafði hún skorað 14 mörk í norsku úrvals-deildinni. Svava Rós var jöfn tveimur öðrum leikmönnum sem þrjú markahæsti leikmaður deildarinnar. Frammistaða hennar hefur vakið verðskuldaða athygli og hún býst við því að skipta um félag fyrir næstu leiktið.

„Þetta er klárlega mitt besta tímabil á ferlinum. Ég hef aldrei skorað jafn mikið og mér fannst ég hafa bætt mig mikið á þessu eina ári. Ég er sneggri að taka ákvarðanir inni á vellinum og klára færin betur en ég gerði áður en ég kom hingað,“ segir þessi snöggi framherji í samtali við Fréttablaðið.

„Hérna í Noregi leikur þú oftar við öflugan andstæðinga en í deildinni heima. Af þeim sökum bættir þú jafnt og þétt leik þinn og verður sterkari með hverjum leik sem þú spilar. Það voru ákveðin viðbrögð að leika með liði sem var ekki í toppbaráttu og ég er ekki von þvi að tapa jafn mörgum leikjum og ég gerði með Róa. Það tók svoltitíð á andlega en reynslan var heilt yfir jákvæð,“ segir hún um tímabilið sem lauk nýverið.

„Mér finnst líklegt að ég færi



Svava Rós vonast til að fá fleiri tækifæri með íslenska landsliðinu á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**14**  
mörk skoraði Svava Rós í norsku úrvaldeildinni á síðasta tímabili.

mig um set í framhaldið og það eru mestar líkur á því að ég endi á að semja við sænskt félag. Það er

mestur áhugi úr þeirri átt og mér list best á að fara þangað. Nú er ég bara á leiðinni heim í langþráð fri og mun svo ákveða mig á næstu vikum. Undirbúningstímabilið bæði í Noregi og Svíþjóð hefst í janúar þannig að það er ekkert stress á því að ákveða mig,“ segir Svava Rós um framhaldið hjá sér.

Nýlega var ráðinn nýr þjálfari hjá kvennalandsliðinu. Svava er spenn-t fyrir ráðningunni þrátt fyrir að hún þekki liðið til Jóns Þórs Haukssonar, nýs þjálfara liðsins.

„Það er bara spennandi að fá nýja rödd og nýjar áherslur. Það byrja allir á núllpunkti núna og það eru spennandi tímar fram undan. Góð frammistaða mín með félagsliðinu ætti að hjálpa mér í því að vera valin, en svo er það bara undir mér komið að standa mig á æfingum og leikjum með landsliðinu til þess að fá tækifæri þar. Það er allavega stefnan að fjölga tækifærum mínum á þeim vettvangi,“ segir landsliðs-framherjinn um komandi tíma hjá liðinu. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Aldrei í vafa um að ég gæti komist fljótt í byrjunarliðið

**FÓTBOLTI** Arnór Sigurðsson er bæði yngsti Íslendingurinn sem spilar og skorar í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Skagamaðurinn skoraði mark CSKA Moskvu í 1-2 tapi fyrir Roma í fyrradag. Þetta var hans fyrsta mark fyrir rússneska liðið sem hann gekk til liðs við fyrir rúmum tveimur mánuðum.

Í samtali við Fréttablaðið segir Arnór að þirringurinn yfir því að tapa leiknum hafi verið sterkari en gleðin yfir því að hafa skorað.

„Það var vissulega gaman að skora og góð tilfinning að sjá boltann í netinu. Það var hins vegar mjög þirrandi að markið skyldi ekki skila stigi. Ég fékk fjölmörg skilaboð eftir leikinn, en ég átti mjög erfitt með að gleðjast þar sem ég var mjög sár yfir tapinu,“ segir Arnór.

Hann er þrettándi Íslendingurinn sem spilar í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og fyrsti Skagamaðurinn síðan Árni Gautur Arason stóð á milli stanganna hjá Rosenborg á sínum tíma. Þegar Árni Gautur lék sinn fyrsta leik í riðlakeppni Meistaradeildarinnar, í 3-0 sigri á Galatasaray 21. október 1998, voru tæpar átta mánuðir þar til Arnór kom í heiminn. Hann fæddist 15. maí 1999.

Arnór er aðeins þrjú Íslendingurinn sem skorar í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Eður Smári Guðjohnsen skoraði sjö mörk í 45 leikjum með Chelsea og Barcelona og Alfreð gerði eitt mark í þremur leikjum með Olympiacos tímabilið

### Hraður uppgangur Arnórs Sigurðssonar

24. mars 2017 - seldur frá ÍA til Norrköping

23. ágúst 2017 - leikur sinn fyrsta leik fyrir Norrköping

5. maí 2018 - skorar sitt fyrsta mark fyrir Norrköping

31. ágúst 2018 - seldur frá Norrköping til CSKA Moskvu

19. sept 2018 - leikur sinn fyrsta leik fyrir CSKA Moskvu

7. nóv 2018 - skorar sitt fyrsta mark fyrir CSKA Moskvu

2015-16. Það var sigurmark gegn Arsenal á Emirates. Eður er bæði lang leikja- og markahæsti Íslendingurinn í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Árni Gautur er næstur honum með 21 leik.

Uppgangur Arnórs hefur verið með ólíkindum hraður. Til marks um það lék hann sinn fyrsta leik fyrir sænska liðið Norrköping 23. ágúst 2017. Aðeins rúmu ári síðar er hann kominn í byrjunarliði CSKA Moskvu og byrjaður að spila og skora í sterkustu deild í heimi.

„Ég hef mikla trú á eigin hæfileikum og vissi það að

þjálfarinn hafði miklar væntingar til mín. Það voru einhverjir sem efluðust um að ég ætti að taka þetta skref þar sem ég var búinn að koma mér vel fyrir hjá Norrköping í Svíþjóð. Ég var hins vegar aldrei í vafa um að ég gæti brotið mér fljótt leið inn í byrjunarliðið hérna,“ segir Arnór sem liður vel í Moskvu.

„Mér hefur gengið vel að aðlagast bæði borginni og hlutunum hjá nýju liði. Það hjálpar mér að það komu margir nýir leikmenn í sumar og ég er því ekki að reyna að komast inn í þéttan kjarna. Það eru fleiri í sömu sporum og ég og menn hjálpað að við að aðlögu-n i n g a n s



Arnór Sigurðsson fagnar markinu gegn Roma. NORDICPHOTOS/AFP

Ég hef mikla trú á eigin hæfileikum og vissi það að þjálfarinn hafði miklar væntingar til mín.

Arnór Sigurðsson

smurt og mögulegt er. Borgin hefur komið mér skemmtilega á óvart og mér líður vel hérna.“

Þrátt fyrir velgengni síðustu mánaða biður Arnór enn eftir því að vera valinn í íslenska A-landsliðið. Þeirri bið gæti lokið í dag en þá tilkynnir landsliðsþjálfarinn Erik Hamrén hópinn fyrir leikina gegn Belgíu og Katar síðar í þessum mánuði.

„Auðvitað vonast ég til þess að fá sæti í liðinu, en það er lítið annað sem ég get gert en að standa mig vel með félagsliðinu mínu. Mér finnst ég hafa spilað vel undanfarið og við sjáum til hvort það dugi til þess að koma mér inn í landsliðshópinn,“ segir Arnór að endingu. – **íps, hó**

### Nýjast

Domino's-deild karla



**Keflavík - Breiðablik 88-80**

Stigahæstir: Michael Craion 26/10 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 22/7 stoðsendingar, Javier Seco 15 - Christian Coville 25/9 fráköst, Erlendur Ágúst Stefánsson 17, Snorri Vignisson 15/11 fráköst.

**Þór Þ. - ÍR 88-92**

Stigahæstir: Nikolas Tomsik 23, Halldór Garðar Hermannsson 21, Kinu Rochford 18/11 fráköst - Justin Martin 27, Gerald Robinson 18/12 fráköst, Hákon Örn Hjálmarsson 16/8 stoðsendingar.

**Valur - Stjarnan 97-92**

Stigahæstir: Kendall Anthony 34/7 stoðsendingar, Austin Magnus Bracey 16, Aleks Simeonov 13/8 fráköst, William Saunders 12 - Paul Jones III 31, Ægir Þór Steinarnsson 16, Hlynur Bæringsson 15/11 fráköst.

**Tindastöll - Grindavík 71-70**

Stigahæstir: Urald King 23/14 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 12, Danero Thomas 12/8 fráköst, Dino Butorac 11 - Jordy Kuiper 17/9 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 16, Tieghe Bamba 15/13 fráköst.

Efri	Neðri
Tindastöll 10	Skallagrímur 4
Keflavík 10	Grindavík 4
Stjarnan 8	Haukar 4
KR 8	Breiðablik 2
Njarðvík 8	Þór Þ. 2
ÍR 6	Valur 2

Coca-Cola-bikar karla



**KA - Haukar 23-30**

Markahæstir: Tarik Kasumovic 6, Jóhann Einarsson 4, Allan Norðberg 3, Aki Egilsson 3 - Orri Freyr Þorkelsson 11, Daniel Þór Ingason 5, Atli Már Bäruson 3, Adam Haukur Baumruk 2, Ásgeir Örn Hallgrímsson 2.



Jón Daði verður ekki með í næstu landsleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

## Talsvert mikið um forföll

**FÓTBOLTI** Erik Hamrén tilkynnir í dag leikmannahóp íslenska karla-landsliðsins fyrir leikina gegn Belgíu og Katar síðar í mánuðinum. Nokkuð er um forföll hjá íslenska liðinu.

Fyrir liggur að Emil Hallfreðsson, Jón Daði Bóðvarsson, Hólmur Örn Eyjólfsson og Rúnar Már Sigurjónsson missa af leikjunum vegna meiðsla. Þá tekur Ragnar Sigurðsson út leikbann í leiknum gegn Belgíu. Aron Einar Gunnarsson kemur hins vegar aftur inn í hópinn. Fyrirliðinn hefur misst af síðustu fjórum landsleikjum vegna meiðsla. Líklegt þykir að Arnór Sigurðsson, leikmaður CSKA Moskvu, verði valinn í A-landsliðið í fyrsta sinn.

Leikurinn gegn Belgíu fer fram í Brussel 15. nóvember. Það er síðasti leikur Íslands í Þjóðadeildinni. Íslendingar töpuðu fyrstu þremur leikjum sínum í riðlinum og eru fallnir niður í B-deild Þjóðadeildarinnar.

Leikurinn gegn Katar er vináttu-landsleikur sem fer fram í Eupen í Belgíu. Það er síðasti leikur íslenska landsliðsins á árinu 2018. – **íps**



# FÓLK

FÓSTUDAGUR 9. NÓVEMBER 2018

Lífsstíll



Franz Gunnarsson er líklega sá eini sem hefur spilað á hverri einustu Airwaves-hátíð. Hann hefur aðallega spilað með sveitunum Dr. Spock og Ensími og hefur lent í ýmsu eftirminnilegu á þessum tveimur áratugum. Hann leikur með Dr. Spock á Gauknum annað kvöld kvklukkan 22.50. MYND/ANTON BRINK

## Dráp næstum söngvarann á fyrsta Airwaves

Franz Gunnarsson hefur spilað á hverri einustu Airwaves-hátíð frá upphafi og upplifað ýmislegt í gegnum árin. Hann segir hátíðina vera að þróast í rétta átt og vonast eftir orkumiklum tónleikum í ár. ➔2

Allra meina bót!



TANTE MOTTA  
170X240 / KR. 56.300  
200X300 / KR. 89.900

MARVEL MOTTA



170X240 / KR. 56.300

RAVI MOTTA

170X240 / KR. 116.900  
200X300 / KR. 156.000

MAGIC MOTTA



160X230 / KR. 65.600

# LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS



Oddur Freyr

Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



## Framhald af forsiðu →

**F**ranz Gunnarsson er líklega sá eini sem hefur spilað á öllum tuttugu Iceland Airwaves-hátíðunum, sem hann segir að sé í rauninni uppskeruhátíð íslensku tónlistarsenunnar.

„Iceland Airwaves snýst um að íslenskir tónlistarmenn komi saman, geri sitt allra besta á tónleikum, setji smá aukafútt í sýninguna og framkomuna og yfirleitt keyra þeir einhver ný prógrömm,“ segir Franz. „Þannig að þú færð tónlistarmennina í miklu stuði og með nýtt efni.“

## Margar lítrikar minningar

Franz hefur spilað með ýmsum virkum og metnaðarfullum sveitum á ferlinum og fyrir vikið hefur hann endað með því að spila á hverri einustu Airwaves-hátíð.

„Sveitirnar sem ég hef starfað í hafa alltaf haft eitthvað fram að færa, annaðhvort verið með nýja plötu eða það hefur verið sóst eftir því að fá okkur til að spila,“ segir Franz. „Hljómsveitirnar hafa svoltið verið að skiptast á milli hátíða. Fyrst og fremst hafa þetta verið Dr. Spock og Ensími. Svo hef ég líka spilað með Cynic Guru, í fyrra spilaði ég með sólóverkefninu mínu, Paunkholm, og svo hef ég bara spilað með hinum og þessum, þar á meðal fullt af verkefnum sem ég man ekki einu sinni eftir lengur. Það er erfitt að halda yfirsýn yfir þetta, ég hef spilað með svo mörgum og þetta er svo langur tími.“

Franz hefur lent í ýmsu eftirminnilegu á þessum hátíðum. „Fyrsta Airwaves-ið er mjög eftirminnilegt. Þar var ég hreinlega næstum búinn að ganga af söngvaranum dauðum. Ég átti það til á þessu tímabili að fleygja gitarnum mínum þvert yfir sviðið, svona í loklaginu. Það var einhver áratá,“ segir Franz. „En akkúrat þarna var hann að bakka frá hljónemanum og gitarinn flaug hársbreidd fram hjá hausnum á honum. Ég hefði

getað orkuðað eða drepði hann þarna og ég hef ekki stundað þetta síðan.

Ég gleymi því ekki heldur þegar ég var að spila með nýju og fersku bandi sem þótti mjög heitt á rosagóðum tíma í Listasafninu

og tölvan með öllu playbäckinu bilaði,“ segir Franz. „Það var reynt að ræsa hana svona þrisvar, fjórum sinnum upp og svo var bara gefist upp og gengið út af sviðinu og ekki spiluð nóta. Það var fyrir framan fullan sal af æstum útlendingum sem vildu fá að heyra þetta nýja, heita band, sem hét Atinger. Það var ansi eftirminnilegt.“

## Ánægður með þróunina

„Hátíðin þróaðist frá því að vera litil og nett upp í að verða aðeins stærri en hún hefði átt að höndla. Það var verið að fá stór atriði og bæta Höllinni inn í þetta og svona og hátíðin fór að reyna að vera eitthvað annað en hún var í grunninn,“ segir Franz. „Það er held ég í eðli svona hátíða að prófa sig áfram, en mér sýnist hún núna komin aftur á þann stað sem hún var í byrjun. Hún er aftur svona litil hátíð sem kynnir ný, ung og upprennandi atriði í bland við eldri rostunga eins og Dr. Spock.

Ég er líka spenntur að sjá hvaða áhrif það hefur á hátíðina að draga úr „off venue“ tónleikum og setja meiri áherslu á hátíðina sjálfa,“ segir Franz. „Off venue var orðið rosalega stór hluti af hátíðinni og tók mikið af athyglinni. En þegar fólk er að spila á mörgum tónleikum áður en kemur að aðaltonleikunum á Airwaves, þá er kannski ekki mikill kraftur eftir. Þannig að ég vonast til að Airwaves-kvöldin sjálf verði orkumeiri en áður.“

## Spilar á Gauknum á morgun

Í ár spilar Franz á Airwaves með sveitinni Dr. Spock á Gauknum annað kvöld, laugardaginn 10. nóvember, klukkan 22.50. „Við ætlum að spila efni af plötu sem við gáfum út snemma á þessu ári og hafa gaman af,“ segir Franz. „Svo ætla ég bara að gera eins og ég geri yfirleitt rétt fyrir hátíð og hlusta á spilunarlista Airwaves á Spotify og þefa þannig upp það sem mér þykir markverðast og langar að sjá.



Franz spilar með Dr. Spock á Gauknum annað kvöld klukkan 22.50. Þar ætla þeir að spila efni af plötunni sem þeir gáfu út fyrr á árinu. MYND/ANTON BRINK



Hljómsveitin Dr. Spock hefur verið starfandi síðan á 10. áratug síðustu aldar og gaf út nýjustu plötuna síns, Leður, fyrr á þessu ári. MYND/BRYNJAR SNEER

Franz segist spenntur fyrir að sjá félagina sína í Warmland á sviði. „Það eru Hrafn, söngvarinn úr Ensími, og Arnar, kenndur við Leaves,“ segir Franz. „Þeir eru með mjög skemmtilegt verkefni saman og ætla að gefa út plötu bráðum, en lögin þeirra hafa gert það gott í útvarpinu undanfarið. Ég held að það verði helviti sexi.“

## PJ Harvey og Sparta standa upp úr

Franz hefur séð mörg hundruð tónleika á Airwaves á síðustu 20 árum, þannig að honum finnst erfitt að segja hvað ber hæst. „En á síðustu árum myndi ég segja að PJ Harvey hafi staðið upp úr. Hún hefur verið í upphaldi lengi og það var æðislegt að sjá hana loks-

ins og það á Íslandi,“ segir Franz. „Það var líka mjög flott þegar hljómsveitin Sparta, sem var meðal annars skipuð meðlimum úr At The Drive In, spilaði á Gauknum. Þetta var Dr. Spock, Mínus og Sparta, hin heilaga þrenning. Það var mjög heitt og sveitt kvöld!“

## Biður eftir samtali frá Krumma

Talandi um Mínus, Krummi í Mínus hefur rætt við Franz um samstarf í tengslum við kántriplötu sem Krummi er að vinna í. Franz segist spenntur fyrir samstarfinu. „Við ræddum hvort ég ætti ekki að koma og gera einhvern galdur,“ segir Franz. „Þannig að ég hendi boltanum bara aftur til hans Krumma; hvenær á ég að mæta?“

HOLLVINIR  
GRENSÁSS

Í dag  
kl 13:00 - 17:00

# Jóla- og kökubasar Hollvina Grensáss

Safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg

Heitt kakó - vöflur m/rjóma  
(fritt fyrir börnin)

Tertur - Jólaskraut - þrjónavörur

Happdrætti - Stórkostlegir vinningar -

Söngur á sviði




# Eru til í draumi orð á enskri tungu sem ekki eru til í íslenskri vöku?

Vorum að fá í hillur töluvert magn af erlendum bókum




Fullt verð: 2.795 kr

TILBOÐ 1.956 kr




Fullt verð: 4.995 kr

TILBOÐ 3.496 kr



Fullt verð: 2.495 kr


TILBOÐ 1.746 kr



Fullt verð 6.995 kr


TILBOÐ 4.896 kr

**30%**  
afsláttur af  
eftirfarandi  
titlum  
í eina viku



Fullt verð: 3.395 kr

TILBOÐ 2.376 kr




Fullt verð: 7.995 kr

TILBOÐ 5.596 kr



Fullt verð: 5.695 kr

TILBOÐ 3.986 kr



Fullt verð: 18.995 kr

TILBOÐ 13.296 kr



BÓKABÚÐ  
MÁLS & MENNINGAR  
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00  
[facebook.com/malogmenning](https://facebook.com/malogmenning)



# Njósnað um jólasveinana

Pegar níu ára sonur Bennýjar Sifjar Ísleifsdóttur stillti upp myndavél til að njósna um komu jólasveinanna setti hann af stað óvænta atburðarás. Úr varð barnabók sem hún skrifaði á legubekk heima í stofu.

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Heimilið er staður fyrir samveru og þar þarf að vera til eitthvað í ísskápnnum svo maður fái gott að borða. Svo spillir ekki fyrir að eiga góðan mann sem hefur yndi af því að matbúa sælkerakrásir ofan í fjölskylduna," segir Benný Sif þar sem hún lætur fara makindalega um sig á þægilegum legubekk í stofunni heima.

Á þeim sama góða legubekk skrifaði hún fyrstu tvær skáldsögurnar sem nú fást brakandi nýjar úr prentsmiðjunni.

„Það er vitaskuld lúxuslíf fyrir rithöfund að geta lagst út af með skáldsögur í kollinum og látið þær vakna til lífsins útafleggjandi á hlýrri gæru og í kósiheimum heima. Einveran verður þó stundum aðeins of mikil og því ákvað ég nýlega að fá mér skrifstofu í miðbænum. Þar get ég unnið með fleirum og haft af þeim félagsskap, sem er uppbyggjandi og nærandi," segir Benný.

**Dreymsdi um stóra fjölskyldu**  
Benný Sif er Eskfirðingur sem flutti í Kópavoginn fyrir tólf árum. Hún er með meistaraðgráðu í þjóðfræði og býr með eiginmanni sínum Óskari Garðarssyni og börnum þeirra fimm.

„Mig dreymsdi alltaf um að eiga stóra fjölskyldu og finnst yndislegt að hafa mína nánustu í kringum



Benný Sif á legubekknunum góða þar sem fyrstu tvær skáldsögurnar hennar urðu til.  
MYND: SIGTRYGGUR ARI

mig," segir Benný sem á ellefu ára son og fjórar dætur á aldrinum 19 til 25 ára.

„Ég kem sjálf úr sömu samsetningu á systkinahópi og veit því hvernig heimilislífíð gengur fyrir sig. Samkomulagið í systkinahópnum er með besta móti og strákurinn minn er ánægður að eiga allar þessar systur. Hann á í skemmtilegu sambandi við þær allar en kvartaði lengi yfir því að eiga ekki yngra systkin. Það verður þó alltaf hlutskipti eins í fjölskyldunni að vera yngstur," segir Benný og hlær, enda er hún sjálf yngst sinna systkina.

„Stíllinn heima er eflaust svolítið gamaldags en hann er hlýlegur. Það sést að hér býr fólk og yfirbragðið er ekki of stíliserað. Ég er mikið fyrir ljós og lampa en meðvitað farin að draga úr kertanotkun og velja umhverfisvæn kert. Hugur minn dvelur því við umhverfisvernd og ég vil nýta húsgögn og heimilismuni sem best. Ég kaup þvi fátt nýtt og er ekki týpan sem skiptir um jólaskraut á hverju ári," segir Benný og brosir kát á legubekknunum góða.

„Bekkurinn er orðinn tíu ára og er einkar notalegur fyrir lestur. Hann er svolítið minn staður og



Benný tefir fram tveimur nýjum skáldsögum sem eru hennar fyrstu.

sérstaklega eftir að ég hófst handa við skrifin, en mér finnst ég hafa unnið í lottóinu í hvert sinn sem ég sé heimilislífíð sittja í honum með bók í hendi."

## Spennandi rannsóknarvinnna

Benný Sif segir örlögin hafa ætlað sér að skrifa bækur en að hún hafi ekki komið sér til þess fyrr en nú að tvær fyrstu bækurnar koma út á sama tíma og í smíðum er önnur skáldsaga og önnur barnabók.

„Hugmyndin að barnabókinni kviknaði fyrir tveimur árum þegar sonur minn fékk spjaldtölvu sem námsgagn í skólanum. Þegar Stekkjastaur var væntanlegur fyrstur til byggða tók drengurinn

upp á því snilldarræði að reyna að njósna um jólasveinana og stillti spjaldtölvunni út í glugga til að taka upp myndir af þeim á nóttunni, og auðvitað án þess að segja foreldrum sínum frá því," segir Benný sem komst nú samt á sporið um rannsóknarvinnu sonar síns.

„Þetta stúss á stráknum varð kveikjan að bókinni og þar þróast málin með spennandi og leyndardómsfullum hætti," segir Benný og vill ekki ljóstra frekar upp um framvindu sögunnar.

## Jólasveinar í þjóðsögnum

Benný þykja jólasveinar skemmtileg fyrirbæri og bendir á að þeir lifa sterkt í þjóðsögnum okkar. „Við eigum ótal sögur og sagnir um íslensku jólasveinana og þær eru af einhverju sprottnar. Mér finnst því sjálfsgaet að halda þjóðsagnaafinnum á lofti. Krakkar geta líka vel trúað á alvöru jólasveinanna um leið og þeir koma auga á gervi jólasveina á jólaskemmtunum. Sem þjóðfræðingur legg ég í ákveðnum skilningi trú á þjóðsögnum og hef gaman af sagnahefðinni um jólasveinana."

„Mömmu þótti Kristín vera of hversdagslegt nafn og lét skira mig Benný til að gera þeim báðum hátt undir höfði. Við erum nokkrar á landinu sem heitum Benný en ég hef aldrei hitt nöfnu mína. Bara séð bil með þessu einkanúmeri og fannst ég þá hafa mætt sjálfri mér," segir Benný og skellihlær.

## Mætti sjálfri sér

Benný er ekki farin að setja upp

jólljós þótt rétt rúmar sex vikur séu til jóla.

„Ég hef haldið mig við það að skreyta ekki fyrr en helgina sem fer næst 1. desember eða fyrsta sunnudag í adventu. Mér finnst aðdragandinn að jólum yndislegur tími og það verður sérstök tilfinning að taka nú þátt í jólabókafloðinu í fyrsta sinn," segir Benný sem auk barnabókarinnar Jólasveinarannsóknin tefir fram skáldsögunni Grímu sem hún hlaut nýræktarstyrk fyrir í vor. Framvindu sögunnar.

„Gríma segir af örlögum sjömannskvæna í austfirsku sjávarþorpi á sjötta og sjöunda áratugnum. Þá kemur nýsköpunartogari til bæjarins og með honum eitthvað af nýjum skipverjum sem breytir takti bæjarlífsins. Þetta er þorps- og ástarsaga um efni sem hefur litið verið fjallað um," segir Benný sem hlaut sjaldgæft nafn sitt frá Benedikt, eiginmanni Kristínar móðursystur sinnar.

„Mömmu þótti Kristín vera of hversdagslegt nafn og lét skira mig Benný til að gera þeim báðum hátt undir höfði. Við erum nokkrar á landinu sem heitum Benný en ég hef aldrei hitt nöfnu mína. Bara séð bil með þessu einkanúmeri og fannst ég þá hafa mætt sjálfri mér," segir Benný og skellihlær.

## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Kemur út þriðjudaginn 27. nóvember.

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins. Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

Viltu þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?

Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.  
Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is

Yfir 100 síður



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





Nú er tími ljósanna!

**15%** afsláttur af öllum ljósum \*  
Gildir milli 8.- 17. nóvember 2018



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegi 70 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)



\*10% afsláttur af pöntunum

**louis  
poulsen**

**Artemide**

**MUUTO**

**LIGHT  
YEARS**

**men**

**&tradition**

**GUBI®**



# Jólaskreyttar neglur

Jólahlaðborðin og jólaboðin eru fram undan og þá er gaman að skarta fallegum nöglum sem vekja eftirtekt.

Sigríður Inga Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is



Nú er að renna upp sá tími þar sem jólatónleikar, jólahlaðborð og jólaskemmtanir eru alls ráðandi og þá vilja flestir skarta sínu fegursta. Neglurnar ættu ekki að vera þar undanskildar en mikil þrýði er að fallegum, vel

hirtum nöglum. Þetta er einmitt rétti tíminn til að leika sér með naglalakkið og prófa sig áfram með liti og mynstur og skreyta neglurnar á jólagangan máta.

Byrjað er á fjárlægja allt gamalt naglalakk og þvo sér síðan vel um hendurnar. Gott er að byrja á að setja undirlakk á neglurnar og láta þær þorna vel áður en haldið er áfram. Sniðugt er að vera með nokkra liti af naglalakki, t.d. rauðan, grænan og hvítan, gylltan eða silfraðan og velja einn sem aðallit. Best er að byrja á að nota einfalt mynstur, t.d. doppur. Þær er einfaldast að gera með því að dýfa tannstóngli ofan í naglalakks-glasið og setja doppur á neglurnar, láta þær þorna vel og lakka svo yfir með yfirlakki sem er jafnvel með glimmeri í. Hægt er að búa til jólatré og alls konar jólapakka á neglurnar með þessari sömu aðferð.

Einfalda leiðin er að kaupa mynstur í snyrtivöruverslunum og líma á neglurnar.




Hér eru neglurnar lakkaðar í djúpum, dökkum lit, nema neglurnar á baugfingri og löngutöng eru lakkaðar hvítar. Tannstóngli er dýft varlega í dökka naglalakkið og blandað saman við hvíta lakkið til að fá þetta fallega mynstur.

## VISSIR ÞÚ

AÐ RAFBÍLL KÆMIST  
HRINGVEGINN

# 92.000

SINNUM Á RAFMAGNINU  
SEM NÝ GLERÁRVIRKJUN  
FRAMLEIÐIR ÁRLEGA?



www.eimur.is

facebook.com/eimurNA

instagram.com/eimur\_iceland

# EIMUR

Blátt glimmerlakk með hvítu og túrkislituðu skrauti gerir neglurnar áberandi fagrar og jólalegar.



Jólalegri verða neglurnar varla en þetta. Hér er búið að klippa út mynstur og setja á neglurnar og lakka yfir.



Leiðið með liti og mynstur á jólagangan máta.



Þetta er fyrir lengra komna í naglatískunni.



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi  
er opin allra virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípuþjónustumeistarir getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningartjónusta  
Dvegillinn  
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun -  
Bónleysing Flutningsþríf - þríf  
eftir íðnaðarmenn tveggjillinn.  
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir  
menn.

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þríf, fyrir heimili,  
húsfélag, fyrirtæki o.fl. Gerum  
verðtilboð. S. 512 4010 www.vyis

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur  
og stofnun fyrirtækja. Fagleg  
vinnubrögð á sanngjörnu verði.  
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511  
2930.

### Skemmtanir

#### HLJÓMSVEIT A. KRÖYER

Dúett-trío Fyrir dansleiki,  
árshátíðir, þorrrátt, brúðkaup  
einkasamkvæmi og jólaskemmtanir.  
Tónlist við allra hæfi, verð við allra  
hæfi. Uppl. á antonben@simnet.is  
eða 8959376

## Málarar

### REGNBOGALITIR EHF

Alhliða málingarþjónusta löggilttra  
fagmanna. malarar@simnet.is Sími  
891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,  
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra  
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj.  
Mikael S. 894 4560 www.flytja.is  
flytja@flytja.is

### Nudd

#### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.  
Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

#### RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímaakerfi,  
mynddyrasímar, töfluskípti. Löggildur  
rafverktafi. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

#### KAUPUM GULL- JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
jonogoskar.is s.552-4910


## Til sölu



Kassagítarar í úrváli Gitarinn  
ehf Kassagítarar á tilboði  
Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða  
27 s 552 2125 www.gitarinn.is  
gitarinn@gitarinn.is



Ný veiddur Hornafjarðarhumar  
og fleira góðgæti úr hafinu.  
Humarsalan SERFRÆÐINGAR  
Í SJAVARFANGI WWW.  
HUMARSALAN.IS S. 867 6677



## Heilsa

### Nudd



#### TANTRA NUDD

Ekta vigsla í leyndardóma Tantra  
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun  
fyrir þór, konur og karla. S. 698 8301  
www.tantrateemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

#### TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m  
loft hæð, stórar innkeyrsludyr, góð  
malbikið lóð, og greið aðkoma.  
Nánari upplýsingar veitir  
Sverrir í s. 661 7000

## Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 truckka, þar af einn ADR bíl  
og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.

Silfri ehf | S. 894 9690 | silfrieihf.is

intellecta.is

# RÁÐNINGAR

intellecta

## Ótrúleg verð - komdu og kíktu við!



**Sunlight T 58:**  
Árgerðir 2016-2017. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hlíðar,  
álfelgur, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling  
o.fl. **Ótrúlegt verð, frá: 6.490.000.**



**Sunlight T 64**  
Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hlíðar,  
álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra,  
cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. **Ótrúlegt verð, frá: 7.590.000.**



**Sunlight T 67**  
Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga  
báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór  
ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar,  
loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 7.790.000.**



**Sunlight T 68**  
Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin,  
útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED  
lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl.  
o.fl. **Ótrúlegt verð: 7.990.000.**



**Sunlight T 69 L**  
Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga  
báðum megin, hjónarúm aðgengilegt beggja vegna, fellirúm  
í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control,  
snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 8.190.000.**



**Sunlight Cliff 640**  
Árgerð 2018. FIAT Maxi grindin, 16", markísa, gott geymslu-  
pláss aftur í, LED lýsing, 12V pressuisskápur, 6 gíra, cruise  
control, loftkæling, snúningsstólar, bakkskynjarar o.fl. o.fl.  
**Ótrúlegt verð: 9.350.000.**



**LMC Breezer H 737 G**  
Árgerð 2017. Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á  
milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra,  
cruise control, snúningsstólar, loftkæling, bakmyndavél  
o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 9.980.000.**



**Dethleffs Trend T 7057 DBM**  
Árgerð 2018. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin,  
breið inngangshurð með samlæsingu, rafmagnsdrifrið fell-  
irúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control,  
snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 10.890.000.**

### OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12-16



P. KARLSSON EHF.

www.pkarlsson.is

P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200

Birt með góðvili um handfaravörur



## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**  
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

**WWW.GEYMSLAEIFT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði



## VEIÐINGAHÚSIÐ ÍTALÍA - BÓKARI

Rötgróid veitingahús í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir að ráða bókara til starfa sem allra fyrst. Æskilegt að viðkomandi hafa góða reynslu af TOK fjárhags- og launabókhalði. Um er að ræða 50% starf, vinnutími skv. samkomulagi.

Úmsóknir óskast sendar á [italia@italia.is](mailto:italia@italia.is)

## VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST

Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirka eða vanan mann í málsmiði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122, [efnir@efnir.is](mailto:efnir@efnir.is) [www.alheimar.is](http://www.alheimar.is)

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**  
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**  
Starfsmannþjónusta  
**551 5000**  
[proventus@proventus.is](mailto:proventus@proventus.is)

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
[www.proventus.is](http://www.proventus.is)

## Tilkynningar

## Tilkynningar

**WWW.YAAKOVSWELL.NET**

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free, you may download it, copy it and give it away.

## Skemmtanir

# CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

*Best geymda leyndarmál Kópavogs*

Gullnáman

**BOLTINN Í BEINNI**  
SUNNUDAGUR  
12:00 Liverpool - Fulham  
14:15 Chelsea - Everton  
16:30 Man. City - Man. Utd.

*Bolti tilboð*

**LIFANDI TÓNLIST SMELLUR**

**FÓSTUDAG FRÁ 00.00 - 03.00**

**ABBA OG BEE GEES SHOW**

**LAUGARDAG KL. 23.30 SMELLUR**

KLÁRAR KVÖLDIÐ MEÐ STÆLI!

**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**

**FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU**

**SÍMI 554 2166**  
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

**WWW.CATALINA.IS**

## Tilkynningar



**Mat á umhverfisáhrifum**  
Athugun Skipulagsstofnunar

**Hólasandslína 3**

Landsnet hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3, 220 kV rafliðu frá Akureyri að Hólasandi. Línuleiðin er innan fjögurra sveitarfélaga: Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 9. nóvember til 21. desember á eftirtöldum stöðum: Í ráðhúsi Akureyrarkaupstaðar Geislagötu 9, á skrifstofum Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, í Þjóðarbókhúðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skiplag.is](http://www.skiplag.is).

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast elgi síðar en 21. desember 2018 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skiplag@skiplag.is](mailto:skiplag@skiplag.is).

Vakin er athygli á að Landsnet stendur fyrir kynningarfundum á frummatsskýrslu þann 21. nóvember kl. 17.30-20.30 á Hótel KEA, þann 22. nóvember kl. 17.30-20.30 í félagsheimilinu Breiðmýri í Reykjadal og þann 27. nóvember kl. 16-19 á Grand Hótel í Reykjavík og eru allir velkomnir.

## Þú finnur draumastarfið á

# Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Kennsla



Veitingastaðir

## Sérfræðingar í ráðningum



[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

**FAST**  
Ráðningar

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**



**Job.is**





NÝTT



VÖRUR ÞRÓAÐAR MEÐ  
LA CLINIC MONTREUX Í SVISS  
Re-Plasty LIGHT PEEL OG  
LASERIST SÉRUM-KREM

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS

**20% AFSLÁTTUR AF**  
ÖLLUM HELENA RUBINSTEIN VÖRUM

Glæsilegur kaupauki ef þú kaupir 2 eða fleiri HELENA RUBINSTEIN vörur.

HELENA RUBINSTEIN SÉRFRÆÐINGUR Í KREMUM Í MEIRA EN 115 ÁR.

Sérfræðingar frá HR leiðbeina og gefa góða ráð um val á HR kremum og förðunarvörum. **NÝTT:** FELINE ELEGANCE MASKARI.



# TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorvarður Gústafsson**  
bifreiðarstjóri,  
Vikurbraut 30, Höfn,

lést á líknardeild Landspítalans  
sunnudaginn 28. október. Útförin hefur  
farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Már Þorvarðarson

Rósa Sólveig Steingrimsdóttir

Þórlaug Inga Þorvarðardóttir Gústav Hjórtur Gústavsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Föðurbroðir okkar,  
**Þórarinn Indriðason**

er látinn.  
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Ingunn Karítas Indriðadóttir  
Guðný Vigdís Indriðadóttir  
Indriði Indriðason



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Brynja Tryggvadóttir**  
pianókenari, Teigagerði 9,

lést 4. nóvember.  
Útförin fer fram frá Háteigskirkju  
fimmtudaginn 15. nóvember kl. 13.

Sveinn Yngvi Egilsson  
Tryggvi Þórir Egilsson

Ragnheiður I. Bjarnadóttir  
Ásta S. Guðmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku fallegi drengurinn okkar, bróðir,  
vinur, afa- og ómmustrákur,

**Egill Daði Ólafsson**

verður jarðsönginn frá  
Kópavogskirkju mánudaginn  
12. nóvember klukkan 13.00.

Ólafur Vigfússon  
Andri Ólafsson  
Vigfús Ólafsson  
Sif Sigþórsdóttir  
Marsbil Tómasdóttir  
Vigfús Ólafsson

Maria Anna Clausen  
Sigurlaug Jónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Arndís Birna Sigurðardóttir**  
áður Blöndubakka 15,

verður jarðsöngin frá Lindakirkju  
mánudaginn 12. nóvember klukkan 15.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir  
en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Hjartavernd.

Halla Guðrún Jónsdóttir  
Brynjólfur Gunnar Jónsson  
Arndís Lára Jónsdóttir  
Hallgrímur Júlíus Jónsson

Gísli Arnar Gunnarsson  
Ebenezer Guðmundsson  
Berglind Birgisdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Arnór Haraldsson**

frá Þorvaldsstöðum, Langanesströnd,  
Viólundi 24, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 31. október.  
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju  
mánudaginn 12. nóvember kl. 13.30.

Þórunn Björg Arnórsdóttir  
Unnur Helga Arnórsdóttir  
Eydis Arnórsdóttir

Júlia Friðriksdóttir  
Almar Björnsson  
Ingimar Tryggvason  
afa- og langafabörn.



Sigurvegarnir uppi á sviði, eðlilega glaðbeittir og sáttir eftir úrslitin.

## Óænt tvist frá Póllandi í danskeppni götustílsins

Stærsta götudanskeppni ársins, svokallað Street-danseinviðið, fór fram í áttunda sinn með vikulöngu partii. Þetta er eina keppnin á landinu fyrir dansara á framhaldsstigi í öllum street-dansstílum. Pólskur dansari mætti upp úr þurru og sigraði í waacking-flokki.

Einvíðið er opið öllum dönsurum óháð dansskólum eða landamærum enda mætti til okkar pólskur dansari nánast upp úr þurru og sigraði í waacking-flokkinum," segir Brynja Pétursdóttir, eigandi danskóla Brynja Péturs, en hún hélt Street-danseinviðið, vikulangt parti með böttlum og erlendum gestakennurum.

Einvíðið hefur verið haldið árlega frá árinu 2012 en þetta er eina keppnin á landinu fyrir dansara á framhaldsstigi í öllum street-dansstílum sem iðkaðir eru á landinu. Einvíðið er vikulangt og er keppt í hiphop, dancehall, waacking, house, break, popping, top rock og 'all styles'. Þátttakendur dansa einn á móti einum í 40 sekúndur hvor við tónlist sem er ekki ákveðin fyrir fram því DJ-inn stjórnar stemningunni. „Við fluttum inn heimsfrægan DJ sérstaklega til þess að spila á battlinu. Þekking DJ-sins skiptir öllu máli því öllum stílunum fylgir viss tónheimur. Hæfileikar dansaranna eru svo settir í brennidepli í 'All Styles' battlinu þar sem reynt er á breidd dansbakgrunnis þeirra því þau þurfa að bregðast



Hver dansari dansar í 40 sekúndur og saust mörg góð tilþríf.

við tónlist frá ýmsum stefnum og getu þurft að dansa við t.d. dancehall og funk í einu og sama battlinu," segir hún.

Andrúmsloftið var rafmagnað á battlinu, mikill stuðningur meðal dansaranna sem eru á aldrinum 16-29 ára og margir yngri dansarar að horfa á sem

hlakka eflaust til að vera með þegar þau verða eldri. „Þetta eru einhverjir aktifustu og mest áberandi ungu dansarar á Íslandi í dag – það er bara þannig," segir Brynja en nemendur skólans eru orðnir yfir 600.

benediktboas@frettabladid.is

ÞETTA GERDIST: 9. NÓVEMBER 1932

## Gúttóslagurinn í Reykjavík

Kreppan stóð sem hæst árið 1932. Atvinnuleysi var mikið og sár fátækt. Eftir mikinn átakafund þar sem slagsmál urðu ákvað bæjarstjórnin í Reykjavík að koma á atvinnubótavinnu þótt hún hefði áður þverneitað að taka upp slíkt fyrirkomulag.

Þegar líða tók á veturinn fór féð sem var ætlað til atvinnubótavinnunnar að verða uppuríð. Bæjarstjórnin ákvað þá að lækka laun þeirra sem unnu atvinnubótavinnu. Verkalýðssinnar mótmæltu því og ákveðið var að efna til bæjarstjórnarfundar 9. nóvember í Góðtemplarahúsinu sem kallað var Gúttó.



Mikill mannfjöldi safnaðist saman fyrir utan húsið og áheyrindabekkir voru þétt setnir. Þegar sýnt þótti að bæjarstjórnin ætlaði ekki að skipta um

skoðun varð háreysti á póllunum. Ekki heyrðist mannsins mál og ákveðið var að slíta fundi. Upphófst þá heiftuðug slagsmál. Lögreglan var með mikinn mannskap auk hvítlíða en hún mátti sín lítils gegn margnum og lagði á flóttu. Lögreglumenn voru þá eltir uppi og barðir til óbóta. Um kvöldið ákvað ríkisstjórnin að veita fé til Reykjavíkur-bæjar svo ekki þyrfti að lækka launin. Þeir sem höfðu sig mest í frammi í átökunum voru dæmdir í nokkurra mánaða fangelsi en fyrir þrýsting frá almenningi var ákveðið að skilorðsbinda dómana. – bb



# SAMSUNG

## dagar

**15% afsláttur**  
af flestum SAMSUNG vörum\* í nokkra daga

Kæli- og frystiskápar, þvottavélar og þurrkarar, ofnar, helluborð, örbylgjuofnar, stór sjónvörp, minni sjónvörp, soundbarir, bassabox og ýmislegt annað.



Í nokkra daga verða tilboð og afslættir á gæðavörum frá SAMSUNG í verslun okkar í Lágmúla 8. Líttu við og gerðu góð kaup hjá traustum aðila.

\*Athugið að afslátturinn gildir ekki af öðrum sértílböðum sem eru í gangi. Ekki er gefinn afsláttur af sínum, spjaldtölvum og úrum.

**ORMSSON**

**SAMSUNG**  
S E T R I Ð  
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

  
Opnunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15


   
ormsson



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Austan 8-15 í dag en heldur hvassara syðst. Rigning S- og A-lands, en þúrrt að kalla NV til. Hiti 2 til 10 stig. Hljúst með S-ströndinni.



## Laugardagur

<b>Reykjavík</b> 8° ↙ 4	<b>Ísafjörður</b> 4° ↙ 7	<b>Akureyri</b> 4° ← 4
<b>Egilsstaðir</b> 5° ↙ 8	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 7° ↙ 14	<b>Hveravellir</b> 1° ↙ 12

## Sunnudagur

<b>Reykjavík</b> 6° ← 2	<b>Ísafjörður</b> 3° ↙ 13	<b>Akureyri</b> 4° ↓ 3
<b>Egilsstaðir</b> 6° ↑ 6	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 7° ↙ 9	<b>Hveravellir</b> 1° ↙ 8

### LÉTT

3	1			9	8				
								4	8
	2		3	5		6			
8			5		3		1		
	7				9	2	3		
		9	6	1					
			2		1		8		
	6						2	3	
			7		5				

### MIDLUNGS

		7		1	3			9	
5			7				1		
	1		6					5	
		9	5	2				4	
			6	4			8		
3	7				5	1			
6						8			4
	5	9				7		8	
				6		9			

### ÞUNG

5	8								
	6	1	3				7	2	
		2	8				3		
	1	6							7
9	7					3	2	4	
						5	9		1
6	2		9				4	5	
							8		
					3	4			9

## Krossgáta

- LÁRÉTT**
- fótmál
  - kk nafn
  - reynndar
  - krydd
  - í röð
  - mjög
  - ávöxtur
  - hluta
  - ásjóna
  - dingla
- LÓDRÉTT**
- sambýða
  - drykkjarílát
  - stigandi
  - fell
  - útskýra
  - spilaþraut
  - lyktir
  - sár
  - rómversk tala

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

## Skák

Engert átti leik gegn Huelsmann í Düsseldorf árið 1965.



- ... Rxc2! 2. Kxg2 (beta væri 2. Bxe6 fxe6)
  - ... Bh3+! 3. Kxh3 Dxf3 0-1.
- Fyrsta deild Íslandsmóts skáklfélaga hófst í Ríma-skóla í gær. Aðrar deildir hefjast í kvöld. Heimsméistaraeinvíging í skák hefst í dag í Lundunum.

www.skak.is: Skák-hlaðvarp um HM og Íslandsmótið.

4	2	6	5	8	9	7	3	1		5	7	9	6	8	3	2	1	4		5	8	1	6	7	9	2	3	4
1	3	8	6	4	7	2	5	9		1	2	6	7	9	4	3	5	8		7	3	6	2	4	8	5	1	9
5	7	9	2	3	1	6	4	8		8	3	4	5	1	2	6	7	9		9	4	2	3	5	1	8	6	7
6	4	1	7	9	8	3	2	5		9	4	5	8	2	7	1	3	6		6	5	9	4	8	2	3	7	1
3	5	2	1	6	4	9	8	7		2	1	7	3	4	6	8	9	5		4	1	7	9	3	5	6	2	8
8	9	7	3	2	5	4	1	6		3	6	8	9	5	1	4	2	7		8	2	3	7	1	6	4	9	5
7	8	3	4	1	6	5	9	2		6	8	2	1	7	9	5	4	3		1	6	8	5	9	3	7	4	2
2	1	5	9	7	3	8	6	4		4	9	3	2	6	5	7	8	1		2	7	5	1	6	4	9	8	3
9	6	4	8	5	2	1	7	3		7	5	1	4	3	8	9	6	2		3	9	4	8	2	7	1	5	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

## Nú er bjart

**Elisabet Ronaldsdóttir** segir frá skjótum bata sínum af fjórða stigs krabbameini.

## Myndin af mömmu

Móðir **Dagnýjar** fór í einfalda lýtaaðgerð stuttu fyrir sextugsafmælið sitt. Þegar hún vaknaði eftir aðgerðina hafði eitthvað brostið innra með henni. Fjörtán mánuðum síðar batt hún enda á líf sitt.



## Ég var enginn gangster

**Jón Magnús Arnarsson** segist hafa sóað mörgum árum í neyslu. Hann byggir nýtt leikverk á reynslu sinni.



## Sögulegar kosningar

**Fréttablaðið** skoðar hvaða lærdóm Demókratar geta dregið af kosningum vikunnar.

NÓA

NÝTT

NÓA

MYNTU  
KÚLUR

Súkkulaðihjúpaðar karamellur með myntubragði

150 g

**Nammmmmmm**  
**... mmmmmmynta!**

Ert þú þessi týpa sem elskar myntubragð meira en flest annað? Þá brosir lífið aldeilis við þér, því nú fást gómsætu Nóa kúlurnar líka með myntubragði. Einstök bragðupplifun sem þú verður að prófa.



# Ágengt og áleitnið verk

**Borgarleikhúsið frumsýnir Tviskinnung eftir Jón Magnús Arnars-son. Ólafur Egill Egilsson leikstýr-ir. Verkið fjallar um fíknina og ástina.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Ólafur Egill Egilsson leikstýrir leikritinu Tviskinnungur eftir Jón Magnús Arnars-son sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í kvöld, föstudagskvöldið 9. nóvember.

„Jón Magnús er fyrrverandi rappari og núverandi slam-ljóðskáld og það skilar sér mjög skýrt yfir í verkið sem er að hluta til í bundnu máli, sem ég held að hafi ekki sést í nýju íslensku verki síðan Hallgrímur Helgason skrifaði Skáldanótt. Form verksins er líka nokkuð nýstárlegt, það er á köflum nokkurs konar hugarflæði í anda slam-ljóðanna, þar sem skáldin flytja sinn eigin texta og tilþrífir í flutningum telja ekki síður en innihald ljóðsins. Þetta er kjarnyrtur og magnaður texti og mjög ljóðrænn en líka algjörlega hversdagslegur og hrár, nær einhvern veginn utanum raunverulegt tungumál Íslendinga en er hafleygur í senn.“ segir Ólafur Egill. „Þetta er mjög persónulegt verk þar sem Jón Magnús gerir tilraun til að skrifa sig í gegnum átakatímabil í sínu lífi. Hann byrjaði að vinna verkið þegar hann var að kljást við fíkn og kláraði það eftir að hann lauk meðferð og hóf nýtt líf. Textinn er ágengur og áleitinn og ég fann strax fyrir mjög sterkum kjarna í verkinu. Uppleggið að kvikmyndinni Eiðurinn sem ég skrifaði á sínum tíma byggði á persónulegri reynslu og ég tengdi því sterkt við sársaukann sem þarna er að finna og þórfina fyrir að deila eigin reynslu, umbreyta sársauka í ... kannski ljós.“

## Listaverk inni í listaverki

Leikritið er skrifað fyrir tvo leikara og Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Haraldur Ari Stefánsson fara þar með hlutverk þars sem gerir upp samband sitt. „Þegar þau hittast fyrst þá er aðdráttaraflíð svo mikið, ástin svo klickuð og sexið svo tryllt að þau umbreyttast eiginlega í ofur-hetjur, Járnmanninn og Svörtu ekkjuna, sem eru bæði elskendur og erkióvinir eins og allir vita“ segir Ólafur Egill. „Verkið fjallar um fíknina og ástina, ástarfíknina, um fólk sem reynir að fylla upp í hjartagatið sitt með öllum tiltækum ráðum. Parið í verkinu hittist á rótleysis-árum, þau verða haldræpi hvort annars, en eru líka að eyðileggja sig, saman, svo vill annar aðilinn sleppa tókunum en hinn ekki og öfugt og



Ólafur Egill segist hafa tengt mjög sterkt við sársaukann sem er að finna í verkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## KANNSKI ER EIN AF SPURNINGUM VERKSINS: HVENÆR ELSKAR MAÐUR EINHVERN NÓGU MIKIÐ TIL AÐ SLEPPA Á HONUM TÖKUNUM?

svo er sambandið sjálf orðið algjört eitru lífi þeirra – en samt eru þau svo andskoti ástfangin. Kannski er ein af spurningum verksins: Hvenær elskar maður einhvern nógu mikið til að sleppa á honum tókunum?

Jón Magnús stillir þessu upp eins og sagan sé að gerast í leikhúsi þar sem er verið að leika leikritið og parið leikur persónur sem eru á vissan hátt að leika sjálfar sig. Þarna er listaverk inni í listaverki inni í listaverki, hljómar flóki en er það ekki, ekkert frekar en þegar fólk í sambandi skiptir um hlutverk, nú er ég fúli karlinn, nú er ég hetjan, nú er ég sár og nú þarf að hugga mig og svo framvegis.“

Það reynir mjög á þá tvo leikara sem eru á sviðinu. „Þuríður Blær og Haraldur Ari hafa reyndar þekkt frá því þau voru í leikskóla. Þau hafa því orðið samferða í gegnum lífið og byggja á mjög traustum grunni.“ segir Ólafur Egill. „Hlutverk þeirra eru krefjandi, þetta er krefjandi texti, það eru heilmikil átök og miklar ástríður. Ég held að þau verði fegin hvíldinni á laugardaginn!“

## Frábær stund að upplifa

Ólafur Egill er spurður um næstu verkefni. Hann segist vera að vinna

fyrir norska aðila að handriti fyrir sjónvarpsseríu þar í landi, sem hann geti lítið tjáð sig um, en um sé að ræða hápolítískt efni sem byggir á norsku sakamáli frá 1974 – Ísdal-konumálinu svokallaða. Hann er einnig að vinna að leikverki sem hann hefur verið að skrifa í hátt á annað ár. „Það er ástarsaga, eiginlega um það sama og leikrit Jóns Magnúsar, hvenær elskar maður einhvern nógu mikið til að sleppa honum og byggir að hluta til á raunverulegum atburðum úr nánasta umhverfi mínu. Þetta er allt sama sagan, ást og dauði, upprisa og fall, eða öfugt.“

Þeir Benedikt Erlingsson eru líka að leggja drög að nýrri kvikmynd. Fyrir skömmu stóðu þeir saman á sviði í Ósló þegar kvikmynd Benedikts, Kona fer í stríð, sem þeir Ólafur Egill skrifuðu handritið að, hreppi Norðurlandaráðsverðlaunin sem besta kvikmyndin. „Það var alveg frábært, frábær stund að upplifa.“ segir Ólafur Egill. „Svo hittum við norska krónprinsinn og prinsessuna á eftir og þau voru afskaplega almennileg og kurteis. Öllum vinningshöfum var smalað beint af sviðinu inn í pinulítið herbergi þar sem var hvorki vott né þurr og blessað kóngafólkið stóð upp á endann og reyndi að halda uppi kurteislegu spjalli við uppveðraða vinningshafa um veðrið og íslenska hesta. Þau voru ósköp jarðbundin og í vinnunni sinni og við hin blaðskellandi í sjöunda himni!“



Þuríður Blær og Haraldur Ari fara með krefjandi hlutverk í sýningunni. MYND: GRÍMUR BJARNASON



## Bók fyrir alla

### Villimærin fagra

(Bækur duftsins)

★★★★★

Philip Pullman

**Útgefandi:** Mál og menning  
**Þýðandi:** Guðni Kolbeinsson  
**Fjöldi síðna:** 5055

Hinn breski Philip Pullman vann á sínum tíma til verðlauna fyrir þrileik sinn um stúlkuna Lýru og ævintýri hennar. Bækurnar Gyllti áttavittinn, Lúmski hnifurinn og Skuggasjónaukinn komu út í íslensku þýðingu og vöktu verðskuldaða athygli og hrifningu. Nú er komin út Villimærin fagra, fyrsta bókin í nýjum þrileik höfundar sem hefur yfirskriftina Bækur duftsins. Þar snýr Pullman aftur til Lýru, en nú er hún einungis sex mánaða. Hún er þegar í stórkostlegri hættu enda búa hennar sérstök örlög sem illar vættir vilja ekki að verði að raunveruleika.



Aðalpersóna Villimeyjarinnar fögru er hinn ellefu ára gamli Malcolm Polstead sem býr með foreldrum sínum í gamalli krá í Oxford. Á köflum minnir bókin nokkuð á Gulleyju Roberts Louis Stevenson því grunsamlegir

karlmenn banka upp á og hafa illt í hyggju. Malcolm kemst að því að kornabarn, Lýra, dvelur hjá nunnum í grenndinni og ill öfl hyggjast ræna henni þaðan. Þegar náttúruhamfarir dýnja yfir leggur Malcolm á flotta með Lýru og unglingsstúlkunni Alice.

Malcolm er ung hetja af bestu gerð, geðugur, ráðagóður og blíðlyndur. Alice er hins vegar hin óvænta hetja sögunnar. Lengi fer áfar litid fyrir henni, hún er í bakgrunni, fremur fýluleg og afundin, og það kemur lesandanum verulega á óvart þegar hún stekkur skyndilega fram á sjónarsviðið sem áberandi persóna. Þróuninni á sambandi hennar og Malcolms er lýst á næman, fallegan og skemmtilegan hátt.

Villimærin fagra er gríðarlega spennandi bók, full af hættulegu fólki sem einskis svífst og ætlar sér að hremma Lýru og hina hugrökku verndara hennar. Pullman veigrar sér ekki við að lýsa ofbeldisverkum enda verður ekki annað séð en hann hafi þá trú að börn og unglingar þoli ýmslegt þegar kemur að hrollvekjandi lýsingum – og það er vafalítið rétt hjá honum. Í bókinni blandast saman raunsæi, dulúð og ævintýri. Það skapar svo ákveðna töfra að þarna eiga manneskjur sér fylgjur í dýralíki sem bregðast stöðugt við atburðum.

Í gegnum árin hefur Pullman ekki vandað kirkjunni kveðurnar og vegur hart að henni í þessari bók. Þar kemur mjög við sögu Agadómsstóll Kirkjuráðsins, ADK, sem tekur á villutrú og trúleysi af grimmd og miskunnarleysi. Mögnuðustu kaflar bókanna fjalla um það þegar rétttrúnaður verður ríkjandi í skóla. Kennarar sem fara ekki eftir bókstafnum hverfa og börn eru hvött til að gerast uppljóstrarar og segja til foreldra sinna og vina. Þarna er frásögnin gríðarlega kraftmikil og um leið afar óhugguleg.

Villimærin fagra er bók fyrir alla. Hún er ætluð ungmennum en allir sem unna góðum bókmenntum ættu að lesa hana. Þetta er bók sem svikur ekki og gleðilegt að eiga von á framhaldi.

Guðni Kolbeinsson þýðir bókina með miklum ágætum, eins og hans er von og vísa. **Kolbrún Bergþorsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hörkuspennandi og töfrandi bók með minnisstaðum persónum.

## Áfram steyma ljóð og blek í Listasal Mosfellsbæjar

Í tengslum við sýningu Kristinn Tryggvadóttur, Áfram streymir, ætla skáldin Anna Karin Júlíussen og Sigríður Ólafsdóttir að flytja ljóð í Listasal Mosfellsbæjar á morgun, 10. nóvember milli klukkan 14 og 15. Sum þeirra voru ort við stór blekverk Kristínar, eins og Anna Karin lýsir. „Hún Kristín vinnur myndir sínar með sérstöku bleki, setur það á danskan striga og lætur það lesa sig eftir honum með ákveðnum handarhreyfingum. Hún ræður litunum en hefur að öðru



Það er létt yfir vinkonunum sem lesa ljóð sín í Listasal Mosfellsbæjar.

**VIÐ ÆTLUM AÐ REYNA AÐ SKEMMTA GESTUM MEÐ ÞESSU EINS OG VIÐ GETUM.**


leyti ekki fulla stjörn á myndinni heldur leyfir blekinu að ráða. Eg er atómskáld og þegar ég sé verkin hennar Kristinnar þá hoppuðu ljóðin til mín út úr myndunum.“

Sigríður kveðst yrkja undir hefðbundnum bragarháttum. „Eg gaf

út mína fyrstu ljóðabók, Bikarinn tæmdur, á sjötugsafmælinu fyrir þremur árum.“ segir hún og bætir við að barnabók eftir hana sé að koma úr prentun í dag, sú heiti Ripa og fjalli um tröllastelpu.

Nú ætla þær Anna Karin og Sigríður að rása milli myndanna í Listasal Mosfellsbæjar og fléttulega ljóðin sín. „Við ætlum að reyna að skemmta gestum með þessu eins og við getum.“ segir Anna Karin glöðlega. „Það er létt yfir okkur og við viljum endilega að fólk brosi.“ – **gun**

# LOKSINS KOMIN AFTUR!



Fíásól er mætt á svæðið, kraftmeiri en nokkru sinni fyrr!

Bókin sem börn og fullorðnir hafa beðið eftir

„Fíásól er söm við sig, uppátækjasöm og skemmtileg ...“

HILDUR HEIMISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ  
(UM FÍASÓL ER FLOTTUST)

**LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA**

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)





Elly

Stóra sviðið

Fös 9.11.	Kl. 20:00	Sun 18.11.	Kl. 20:00	Fim. 29.11.	Kl. 20:00	Fös 07.12.	Kl. 20:00
Sun 11.11.	Kl. 20:00	Fim 22.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00		
Fim 15.11.	Kl. 20:00	Fös 23.11.	Kl. 20:00	Sun 02.12.	Kl. 20:00		
Lau 17.11.	Kl. 20:00	Sun 25.11.	Kl. 20:00	Fim 06.12.	Kl. 20:00		



Allt sem er frábært

Litla sviðið

Lau 10.11.	Kl. 20:00	Lau 17.11.	Kl. 20:00	Fös 23.11.	Kl. 20:00	Fös 30.11.	Kl. 20:00
------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------



Kvenfólk

Nýja sviðið

Fim 22.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00	Sun 16.12.	Kl. 20:00	Sun 30.12.	Kl. 20:00
Fös 23.11.	Kl. 20:00	Fös 07.12.	Kl. 20:00	Fim 20.12.	Kl. 20:00	Sun 06.01.	Kl. 20:00
Lau 24.11.	Kl. 20:00	Lau 08.12.	Kl. 20:00	Fös 21.12.	Kl. 20:00	Fös 11.01.	Kl. 20:00
Sun 25.11.	Kl. 20:00	Fim 13.12.	Kl. 20:00	Fös 28.12.	Kl. 20:00		
Fös 30.11.	Kl. 20:00	Fös 14.12.	Kl. 20:00	Lau 29.12.	Kl. 20:00		



Tvískinnungur

Litla sviðið

Fös 09.11.	Kl. 20:00	Sun 18.11.	Kl. 20:00	Sun 25.11.	Kl. 20:00
Fim 15.11.	Kl. 20:00	Fim 22.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00



Jólaflækja

Litla sviðið

Lau 24.11.	Kl. 13:00	Lau 01.12.	Kl. 13:00	Lau 08.12.	Kl. 13:00
Sun 25.11.	Kl. 13:00	Sun 02.12.	Kl. 13:00	Sun 09.12.	Kl. 13:00



Rocky Horror

Stóra sviðið

Lau 10.11.	Kl. 20:00	Fös 16.11.	Kl. 20:00	Lau 24.11.	Kl. 20:00	Fös 30.11.	Kl. 20:00
------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------

Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhús.is



Ronja Ræningjadóttir

Stóra sviðið

Sun. 11.11.	kl. 13:00	Lau. 01.12.	kl. 14:00	Sun. 30.12.	kl. 16:00	Sun. 03.02.	kl. 13:00
Sun. 11.11.	kl. 16:00	Lau. 01.12.	kl. 14:00	Sun. 06.01.	kl. 13:00	Sun. 03.02.	kl. 16:00
Lau 17.11.	kl. 14:00	Sun 02.12.	kl. 14:00	Sun. 06.01.	kl. 16:00	Sun. 10.02.	kl. 13:00
Lau 17.11.	kl. 17:00	Sun 02.12.	kl. 17:00	Sun. 13.01.	kl. 13:00	Sun. 10.02.	kl. 16:00
Sun. 18.11.	kl. 16:00	Sun 09.12.	kl. 14:00	Sun. 13.01.	kl. 16:00	Sun. 17.02.	kl. 13:00
Sun. 18.11.	kl. 13:00	Sun 09.12.	kl. 17:00	Sun. 20.01.	kl. 13:00	Sun. 17.02.	kl. 16:00
Lau 24.11.	kl. 15:00	Lau 29.12.	kl. 13:00	Sun. 20.01.	kl. 16:00	Sun. 24.02.	kl. 13:00
Sun. 25.11.	kl. 14:00	Lau 29.12.	kl. 16:00	Sun. 27.01.	kl. 13:00	Sun. 24.02.	kl. 16:00
Sun. 25.11.	kl. 17:00	Sun. 30.12.	kl. 13:00	Sun. 27.01.	kl. 16:00	Sun. 03.03.	kl. 16:00



Samþykki

Stóra sviðið

Fim 15.11.	kl. 19:30	Fös 23.11.	kl. 19:30	Fös 30.11.	kl. 19:30
Fös 16.11.	kl. 19:30	Fim 29.11.	kl. 19:30	Fös 07.12.	kl. 19:30



Fly Me To The Moon

Kassinn

Sun. 11.11.	kl. 19:30	Lau 17.11.	kl. 19:30	Fös 23.11.	kl. 19:30	Sun 02.12.	kl. 19:30
Fös 16.11.	kl. 19:30	Fim 22.11.	kl. 19:30	Lau 01.12.	kl. 19:30		



Leitin að jölnum

Leikhúslotið

Lau 17.11.	kl. 11:00	Lau 01.12.	kl. 12:30	Fös 14.12.	kl. 17:30	Lau 22.12.	kl. 11:00
Lau 17.11.	kl. 12:30	Sun 02.12.	kl. 11:00	Fös 14.12.	kl. 19:00	Lau 22.12.	kl. 13:00
Lau 24.11.	kl. 11:00	Sun 02.12.	kl. 12:30	Lau 15.12.	kl. 11:00	Lau 22.12.	kl. 14:30
Lau 24.11.	kl. 13:00	Lau 08.12.	kl. 11:00	Lau 15.12.	kl. 13:00	Sun 23.12.	kl. 13:00
Lau 24.11.	kl. 14:30	Lau 08.12.	kl. 13:00	Lau 15.12.	kl. 14:30	Sun 23.12.	kl. 14:30
Sun 25.11.	kl. 11:00	Lau 08.12.	kl. 14:00	Sun 16.12.	kl. 11:00	Sun 23.12.	kl. 14:07
Sun 25.11.	kl. 12:30	Sun 09.12.	kl. 11:00	Sun 16.12.	kl. 12:30		
Lau 01.12.	kl. 11:00	Sun 09.12.	kl. 12:30	Sun 16.12.	kl. 14:00		



Klókur ertu Einar Áskell

Brúðulotið

Lau 10.11.	kl. 11:00	Lau 10.11.	kl. 13:00
------------	-----------	------------	-----------



Fjallkonan fríð

Leikhúskjallarinn

Lau 10.11.	kl. 20:00	Sun 11.11.	kl. 17:00
------------	-----------	------------	-----------



Reykjavík Kabarett

Leikhúskjallarinn

Fös. 09.11.	kl. 22:00
-------------	-----------



Insomnia

Kassinn

Mið 14.11.	kl. 19:30	Lau 24.11.	kl. 19:30	Fim 29.11.	kl. 19:30	Sun 09.12.	kl. 19:30
Fim 15.11.	kl. 19:30	Sun 25.11.	kl. 19:30	Fös 30.11.	kl. 19:30		

**Barnaheill**  
 Save the Children & Iceland  
 Vísir þú að þú  
 börn ega rétt á læknisástoð  
 og heilbrigðisþjónustu.

**Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur**  
 hva@frettabladid.is

9. NÓVEMBER 2018

Tónlist

**Hvað?** Sounds of Fischer nr. 2 útgáfuparti  
**Hvenær?** 16.00  
**Hvar?** Fischer, Fischersundi  
 Útgáfuparti á vinyll sem er einungis til í takmarkaðri útgáfu og hefur að geyma tónlist eftir Jónsa, Kjartan Holm, Alex Somers og Sin Fang. Einungis 50 eintök verða í boði.

**Hvað?** Bizness – hlustunarparti  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Bankastræti 0  
 Cyber gefur út nýja plötu 9.11.18 og býður þér þess vegna að kíkja við í Bankastræti 0 á milli 17 og 20 þann sama dag að hlusta á plötuna, njóta fljótandi veiga og mögulega næla þér í eitt stk. limited edition bizness merch. Tilvalið til að hita sig upp fyrir Airwaves-gleði kvöldsins!

Viðburðir

**Hvað?** Reykjavík kabarett – síðasta sýning  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn  
 Vikulegar „late night“ sýningar Reykjavík Kabarett hafa slegið í gegn í Þjóðleikhúskjallarannum – alltaf fullt hús og engar tvær sýningar hafa verið eins. Föstudaginn 9. nóvember er tíunda og síðasta sýningin í þessari kippu.

**Hvað?** Mellokka Edda Freysteinsdóttir: Kraftar hljóðanna  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfrstræti  
 Rudolf Steiner rannsakaði tilurð hljóðanna ásamt fleirum og til varð sýnileg list sem hefur fengið nafnið hrynlit (Eurytmy) og einnig lagði Alfred Bauer grunninn að handa- og tónmeðferð (kirófonetik) sem byggir á sömu kröftum hljóðanna. Mellokka mun deila reynslu sinni og leyfa áheyrendum að upplifa hljóðin og krafta þeirra á mismunandi vegu.

**Hvað?** „Flauelsbyltingin“ í Armeníu 2018: Nýtt upphaf eða déja vu?  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Lögberg, Háskóla Íslands  
 Nýlega var stjórnkerfi Armeníu breytt úr forsetaréði í þingræði. Fráfarandi forseti gekk á bak orða sinna um að sækjast ekki eftir framlengingu á valdatíð sinni við þessi skipti og flokkur hans, sem hafði þar til nýlega meirihluta á þingi, kað hann í embætti forsetisráðherra í apríl 2018. Í kjölfarið brutust út mikil tömmæli sem þvinguðu valdastéttina frá völdum og komu litlilli stjórnmála-hreyfingu til valda. Þessi valdaskipti hafa verið nefnd „Flauelsbyltingin“. Þessar breytingar eru að mörgu leyti einstakar en minna þó einnig á margan hátt á upphaf



Salka Valsdóttir og stóllur hennar í Cyber munu fagna útgáfu nýrrar plötu í Bankastræti 0 í dag á milli klukkan 17 og 20. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Jónsi og fleiri gefa út vinyll í takmörkuðu magni í dag og fagna því í Fischer. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

tíunda áratugarins, þegar Armenia óðlaðist sjálfstæði að nýju frá Sovétríkjunum.

**Hvað?** Serbneskir menningardagar  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Bió Paradís, Hverfisgötu  
 Serbneskir menningardagar verða haldnir í Reykjavík dagana 9. til 11. nóvember næstkomandi. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin hér á landi og í ár er hún til einku serbneskri kvikmyndagerð. Hátíðin er skipulögð af Serbnesku menningarmiðstöðinni á Íslandi í samstarfi við utanríkisráðuneyti Serbíu og Bió Paradís. Heiðursgestir hátíðarinnar í ár eru leikstjórnarnir Milos Skundric (Ferðalagjóð langa í stríð), Nikola Kojó (Hjörð) og Vuk Rsumovic (Einskis manns barn). Verða þeir allir viðstaddir sýningar sinna mynda og munu þeir kynna þær og svara spurningum sýningargesta.

**Hvað?** From words to lyrics – Frá texta yfir í söngtexta  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Center Hotel Plaza, Aðalstræti  
 Rætt verður um söngtexta, hvað einkennir góða tónlistartexta og hvernig þeir verða til. Tónlistarmenn vinna á mismunandi hátt með orðlistina og ein af spurningunum sem ræddar verða er hvort aðrar reglur gildi um texta sem ætlaðir eru til söngs en aðra. Bókmenntaborgin og Tónlistarborgin Reykjavík taka höndum saman og fá þau Ásgeir Trausta, Emiliónu Torrini, Kolfinnu Nikulásdóttur og Sjón til að ræða þetta heillandi efni. Elisabet Indra stýrir umræðunum sem verða á ensku. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Dagskráin er hluti af Iceland Airwaves-hátíðinni en ekki þarf passa fyrir þennan viðburð.

**Hvað?** In Conversation: Bob Lefsetz  
**Hvenær?** 16.00  
**Hvar?** Center Hotel Plaza, Aðalstræti  
 Tónlistarrýrnirinn Bob Lefsetz verður í spjalli í dag vegna Airwaves hátíðarinnar. Þó þarf ekki arm-band til að kíkja á kallinn svo lengi sem húsið er ekki stappfullt.

**Hvað?** Normasveimur – útgáfuhólf  
**Hvenær?** 17.30  
**Hvar?** Penninn Eymundsson, Austurstræti  
 Normasveimur, ný skáldsaga, glæpafantasia, eftir Emil Hjörvar Petersen kemur út nú í vikuni. Verið öll hjartanlega velkomin í útgáfuhólf í Pennanum Eymundssyni Austurstræti þann 9. nóvember kl. 17.30. Drykkir í boði útgáfandans, Veraldar. Æti, upplestur, spjall og áritun í boði höfundar. Allir velkomnir.

**Hvað?** Muriel's Wedding – Föstudagspartísýning  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Bió Paradís, Hverfisgötu  
 Myndin fjallar um hina tutttugu og tveggja ára gömlu Muriel (Toni Collette). Muriel er atvinnulaus og býr heima hjá foreldrum sínum í smábænum Porpoise Spit ásamt fjórum systkinum sínum og hver fjölskyldumeðlimur virðist vera öðrum vonlausari. Muriel eyðir dögum sínum inni í herbergi að hlusta á Abba og láta sig dreyma um hjónaband. Eftir að vinkonur Muriel segja henni svo upp eltir hún þær samt sem áður til Bali þar sem hún kynnst Rhonda (Rachel Griffiths), þær verða bestu vinkonur og fara að leigja saman í Sidney. Eftir það breytist líf Muriel svo um munar ...

**Hvað?** Ærumissir – útgáfuhólf  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Penninn Eymundsson, Skólavörðustíg  
 Jónas Jónsson frá Hríflu varð dómsmálaráðherra haustið 1927 og líklega hefur sjaldan setið eins umdeildur maður á ráðherrastóli á Íslandi. Jónas hugðist hrista upp í embættismannakerfinu í landinu og hann kað að beina fyrst sjónunum sínum vestur á Patreksfjörð þar sem Einar M. Jónsson var sýslumaður, en Einar lá sumpartinn lag við höggi. Ærumissir segir örnáttugum Einars en fjallar um leið um ráðherrastól Jónasar og um þá hörku sem ríkti í stjórnmálum þessara ára. Við fögnum útgáfu bókarinnar föstudaginn 9. nóvember kl. 17 í Eymundsson við Skólavörðustíg og þætti gaman að sjá sem flesta þar. Upplestur og léttar veitingar.

**GOTT KVÖLD Í BIÓ PARADÍS**  
 HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADÍS IS

Serbneskir Menningardagar - OPNUN The Long Road to War (ENG SUB) 17:50 Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) 18:00 Mæri // Border (ENG SUB) 18:00 Muriel's Wedding: Föstudagspartí 20:00	Pólsk kvikmyndavika (FRÍTT/FREE*) *The Conductor (ENG SUB) 20:00 Hinn séki // Den skyldige (ICE SUB) 22:00 Blindspejting (ICE SUB) 22:30 Undir Halastjörnu (ENG SUB) 22:30
---	--



Þetta var ránið  
fyrir jólin



ILLUMINATION KYNNIR

# GRINCH

EIMSKIP

FANTA

PRINCE POLO

## KOMIN Í BÍÓ

Sýnd með íslensku, ensku og pólsku tali

LAUGARÁS BÍÓ  
BARA LÚXUS

SMÁRA BÍÓ

ÁLFABAKKI  
SMBÍÓ

EGILSHÖLL

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ



## DAGSKRÁ

## Föstudagur

## STÖÐ 2

- 07.00** Blíða og Blær  
**07.25** Tommi og Jenni  
**07.45** Strákarnir  
**08.10** The Middle  
**08.35** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.40** The Doctors  
**10.25** Curb Your Enthusiasm  
**11.00** Restaurant Startup  
**11.45** The Goldbergs  
**12.05** Feðgar á ferð  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** Cry Baby  
**14.25** The Cobbler  
**16.00** First Dates  
**16.45** The Truth About Sleep  
**17.45** Bold and the Beautiful  
**18.05** Nágrannar  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
**18.55** Island í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálabáttur.  
**19.10** Sportpakinn Íþróttarfréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**19.20** Fréttayfirlit og veður  
**19.25** The X-Factor Einn vinsælasti skemmtipáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraþróðið situr söngvarinn Louis Tomlinson úr One Direction, söngarinn góðkunnir Robbie Williams og leikkonan Ayda Field.  
**20.50** Suður-ameríski draumurinn  
**21.25** Brokeback-fjallið Sérstaklega áhrifamikill og dramatisk mynd sem fjallar um forboðnar ástir tveggja kúreka sem kynnast á Brokeback-fjalli árið 1963. Þar hefa þeir leynilegt ástarsamband sem mun lifa í fjöldamörgum ári í skugga fjölskyldna þeirra. Myndin hlaut þrenn Óskarsverðlaun, fern Bafta-verðlaun ásamt fjölda annarra. Með aðalhlutverk fara Jake Gyllenhaal, Heath Ledger, Anna Hathaway og Michelle Williams.  
**23.35** The Bleeder  
**01.15** Una  
**02.50** 127 Hours  
**04.25** Cry Baby  
**05.50** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

- 07.00** Arsenal - Sporting  
**08.40** BATE - Chelsea  
**10.20** Stjarnan - ÍBV  
**11.50** Premier League World  
**12.20** NFL Gameday  
**12.50** Lazio - Marseille  
**14.30** Real Betis - AC Milan  
**16.10** Þór Þ. - ÍR  
**17.50** La Liga Report  
**18.20** Haukar - Skallagrímur  
**20.00** Njarðvík - KR  
**22.10** Domino's-körfuboltaþakvöld  
**23.50** Frosinone - Fiorentina

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.10** NFL Gameday  
**08.40** Crvena zvezda - Liverpool  
**10.20** Inter - Barcelona  
**12.00** Meistaradeildarmörkin  
**12.30** New Orleans Saints - LA Rams  
**15.00** Arsenal - Sporting  
**16.40** BATE - Chelsea  
**18.20** Evrópu-deildarmörkin  
**19.10** PL Match Pack  
**19.40** Sheffield United - Sheffield Wednesday  
**21.45** Premier League Preview  
**22.15** Þór Þ. - ÍR  
**23.55** Levante - Real Sociedad

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Lítt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útvarp Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



## SUÐUR-AMERÍSKI DRAUMURINN

KL. 20:50

Stórskemmtilegir þættir þar sem tvö lið þeysast um Suður-ameríku í kapplaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Pétur Jóhanni.



## Frábær föstudagur

Fáðu þér áskrift á [stod2.is](http://stod2.is)

## THE X-FACTOR UK

KL. 19:25

Einn vinsælasti skemmtipáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni ásamt fleiri góðum gestum.



## BROKEBACK MOUNTAIN

KL. 21:25

Tveir ólíkir kúrekar kynnast sumarið 1963 á Brokeback-fjalli og verðlo þeirra snýst á hvolf. Með aðalhlutverk fara Jake Gyllenhaal og Heath Ledger. Myndin hlaut þrenn Óskarsverðlaun ásamt fjölda annarra verðlauna.

## THE BLEEDER

KL. 23:35

Myndin fjallar um þungavigtarboxarann Charles Wepner en bardagi hans við Muhammad Ali árið 1975 varð Sylvester Stallone innblásturinn að Rocky.



## UNLOCKED

KL. 22:00

Yfirheyrslusérfræðingurinn Alice Racine hjá CIA er leidd í gildru sem sett var á svið til að ná upp úr henni mikilvægum upplýsingum.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

[stod2.is](http://stod2.is)

## STÖÐ 3

- 15.00** Friends  
**15.25** Friends  
**15.50** Friends  
**16.15** Friends  
**16.40** Friends  
**17.05** The Goldbergs  
**17.30** Landnemarnir  
**18.10** Hið blómlega bú  
**18.45** Gulli byggir  
**19.20** Masterchef USA  
**20.00** My Dream Home  
**20.45** Eastbound & Down  
**21.15** Vice Principals  
**21.45** Banshee  
**22.35** Game of Thrones  
**23.35** Rome  
**01.20** Masterchef USA  
**02.00** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

- 07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar  
**07.47** Doddi lítli og Eyrnastór  
**08.04** Áfram Diego, áfram!  
**08.24** Svampur Sveinsson  
**08.49** Lalli  
**08.54** Pingu  
**09.00** Strumparnir  
**09.25** Ævintýraferðin  
**09.37** Gulla og grænjaxlarnir  
**09.48** Hvellur keppnisbill  
**10.00** Stóri og litli  
**10.13** Tindur  
**10.23** Mæja býfluga  
**10.35** K3  
**10.46** Grettir  
**11.00** Könnuðurinn Dóra  
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar  
**11.47** Doddi lítli og Eyrnastór  
**12.00** Áfram Diego, áfram!  
**12.24** Svampur Sveinsson  
**12.49** Lalli  
**12.54** Pingu  
**13.00** Strumparnir  
**13.25** Ævintýraferðin  
**13.37** Gulla og grænjaxlarnir  
**13.48** Hvellur keppnisbill  
**14.00** Stóri og litli  
**14.12** Tindur  
**14.22** Mæja býfluga  
**14.34** K3  
**14.45** Grettir  
**15.00** Könnuðurinn Dóra  
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar  
**15.47** Doddi lítli og Eyrnastór  
**16.00** Áfram Diego, áfram!  
**16.24** Svampur Sveinsson  
**16.49** Lalli  
**16.54** Pingu  
**17.00** Strumparnir  
**17.25** Ævintýraferðin  
**17.37** Gulla og grænjaxlarnir  
**17.48** Hvellur keppnisbill  
**18.00** Stóri og litli  
**18.12** Tindur  
**18.22** Mæja býfluga  
**18.34** K3  
**18.45** Grettir  
**19.00** Leynilíf gæludýranna



Könnuðurinn Dóra, 11.00 og 15.00

## GOLFSTÖÐIN

- 08.45** OHL Classic at Mayakoba  
**11.45** Inside the PGA Tour  
**12.10** Blue Bay LPGA  
**17.10** Golfing World 2018  
**18.00** OHL Classic at Mayakoba  
**21.10** PGA Tour 2018: The family of Golf  
**22.00** Blue Bay LPGA

## STÖÐ 2 BIÓ

- 11.50** Battle of the Sexes  
**13.50** 3 Generations  
**15.20** Diary of a Wimpy Kid  
**16.50** Battle of the Sexes  
**18.50** 3 Generations  
**20.25** Diary of a Wimpy Kid Stórskemmtileg mynd sem kemur á óvart og fjallar um ungan og óframfærinn skólastrák sem finnst skólinn og lífið þar allt frekar hallærislegt. Hann reynir samt sem áður að finna upp nýjar leiðir til þess að óðlast virðingu skólafélaga sinna en allt kemur fyrir ekki.  
**22.00** Unlocked  
**23.40** Before I Go to Sleep Spennutryllir frá 2015 með Nicole Kidman og Colin Firth í aðalhlutverkum. Nicole leikur Christine sem vaknar á hverjum morgni algjörlega minnislaus um gærdaginn og fortíðina. Colin leikur einnig hennar samgæfingur fyrir henni á hverjum degi hvernig státt sé fyrir henni og segir henni sögur úr fortíð hennar. Einn daginn hittir hún mann sem kveðst vinna hjá lögglunni og ráðleggur henni að treysta engum.  
**01.15** Operation Avalanche  
**02.50** Unlocked

## RÚV

- 13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010  
**13.50** Úr Gullkistu RÚV: 90 á stöðinni  
**14.10** Hið ljúfa líf  
**14.30** Úr Gullkistu RÚV: Fólk og firnindi  
**15.30** Úr Gullkistu RÚV: Íspjóðin með Ragnhildi Steinunni  
**16.00** Kveikur  
**16.35** Séra Brown  
**17.20** Landinn  
**17.50** Tákn málsfréttir  
**18.00** KrakkarRÚV  
**18.01** Flóttaleiðin mín  
**18.16** Anna og vélmennin  
**18.38** Kóóinn - Saga tólvunnar  
**18.40** Krakkfréttir vikunnar  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.35** Veður  
**19.45** Útsvar  
**21.05** Vikan með Gísla Marteini  
**21.50** Agatha rannsakar málið - Dauðlegur dýralæknir  
**22.35** NSU: Hatúr frá hægri - Misgerðarmennirnir  
**00.20** Barnaby ræður gátuna  
**01.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00** Dr. Phil  
**08.45** The Tonight Show  
**09.30** The Late Late Show  
**10.15** Siminn + Spotify  
**11.50** Everybody Loves Raymond  
**12.14** How I Met Your Mother  
**12.58** Dr. Phil  
**13.42** Son of Zorn  
**14.05** Family Guy  
**14.29** Glee  
**15.19** The Voice  
**16.13** Everybody Loves Raymond  
**16.35** King of Queens  
**17.00** How I Met Your Mother  
**17.23** Dr. Phil  
**18.15** The Tonight Show  
**19.00** America's Funniest Home Videos  
**19.30** The Voice  
**21.00** Marvel's Cloak & Dagger  
**21.50** Marvel's Agent Carter  
**22.40** The Tonight Show  
**23.25** Hawaii Five-0  
**01.00** The Affair  
**02.00** FBI  
**02.45** Code Black  
**03.30** The Chi  
**04.20** Siminn + Spotify

Í TILFNI 60 ÁRA AFMÆLIS

# SIMON & GARFUNKEL

## REVIVAL BAND



„SIMON & GARFUNKEL REVIVAL BAND  
FLYTJA ALLAR BESTU PERLUR  
DÚETTSINS“  
- YSTADS ALLEHANDA (SVÍÞJÓÐ)

„TÓNLEIKAR SEM ENGINN SANNUR  
SIMON AND GARFUNKEL AÐDÁANDI  
MÁ LÁTA FRAM HJÁ SÉR FARA“  
- NORTH WEST END (ENGLAND)

Í ELDBORG HÖRPU 10. MAÍ



MÍÐASALA HEFST Í  
**DAG KL. 12 Á HARPA.IS**

8 MANNA HLJÓMSVEIT MEÐ STRENGJUM FLYTJA BESTU LÖG SIMON & GARFUNKEL

SCARBOROUGH FAIR · BRIGHT EYES · MRS. ROBINSON · BRIDGE OVER TROUBLED WATER · THE BOXER  
EL CONDOR PASA · CECILIA · THE SOUND OF SILENCE OG FLEIRI OG FLEIRI



[WWW.SG-REVIVAL.COM](http://WWW.SG-REVIVAL.COM)







GK  
Reykjavík,  
Six Ames,  
26.995 kr.



Galleri 17,  
Just Female,  
43.995 kr.

Hlý kápa er mikilvæg, því líklegt er að þú þurfir að eyða nokkrum tíma úti í bíðröð. Hlébarðamyndir er mjög vinsælt núna og það er skemmtilegt að vera í skrautlegri og áberandi kápu.



Veldu skrautið um helgina og finndu þér palliettu- eða glitrandi kjól sem þú getur dansað í fram á nótt.

Góðir strigaskór sem þú getur verið í allt kvöldið. Þessir frá Vans eru háir upp ökklaun og eru flottir við sokkabuxur og kjóla, en líka gallabuxur.

## Fram undan er Airwaves -helgi



Húrra Reykjavík, Vans, 14.990 kr.

### GLAMOUR

Farðu inn á [Glamour.is](http://Glamour.is) og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tisku.

• Facebook • Instagram • Twitter

Tónlistarhátíðin Airwaves hófst í vikunni og stendur fram yfir helgi. Það eru nokkrar flíkur og hlutir sem mikilvægt er að hafa í huga: góð og hlý yfirhöfn og þægilegir skór. Svo má ekki vanta partíkjólinn og skartið. Glamour er hér með nokkrar hugmyndir að klæðnaði yfir helgina.



Zara,  
4.995 kr.



Vinsælasta skartið í vetur eru keðjur, annaðhvort í gulli eða silfri.

MOSCHINO (TV)  
H&M, 8.995 kr.



**KJÚKLINGA ENCHILADAS**  
Góðar hugmyndir að mexíkóskum réttum á [gottimatinn.is](http://gottimatinn.is)



# Miðbærinn að verða einn stór partístaður

Flokkur fólksins sagði á borgarráðs-fundi í gær að miðbær Reykjavíkur væri einn stór partístaður og bað um hávaðamælingu í kringum Airwaves.



Barna er sennilega alveg dúndrandi hávaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Flokkur fólksins leggur til að fylgst verði með hávaðamengun í miðbæ Reykjavíkur og sérstaklega er tónlistarhátíðin Iceland Airwaves tekin fyrir í tillögunni, sem flokkurinn lagði fyrir í gær. Þar segir meðal annars: „Til dæmis fær Airwaves-tónlistarhátíðin leyfi til klukkan 2 a.m. föstudag og laugardag fyrir útitónleika í þaklausu porti Listasafns Reykjavíkur. Lýðheilsa íbúanna og friðhelgi einkalífs eru neðarlega á lista þeirra sem samþykja slík leyfi hávaðaafla, sem halda vöku fyrir íbúum og hótélgestum, í boði Reykjavíkurborgar.“

Í tillögunni kemur fram að lög-reglan skuli sinna hávaðamælingu með þar til gerðum mælum í far-

## ALLIR HÁTALARAR UTAN Á VEITINGA-HÚSUM OG VERSLUNUM MIÐ-BÆJARINS VERÐA TEKNIR NIÐUR.

simum og gefa út sektir. Einnig skulu allir hátalarar utan á veitinga-húsum og verslunum miðbæjarins teknir niður.

Tillagan kemur til vegna þess að kvartanir hafa borist vegna hávaða í „úthátíðum“ sem haldnar eru í miðborginni eða eins og segir í tillögunni:

„Kvartanir yfir hávaða m.a. vegna Airwaves, Inni/Úti þúkans og fleiri úthátíða hafa borist frá þeim íbúum sem búa í nágrenninu. Svo virðist sem íbúar séu ekkert spurðir alits þegar verið er að skipuleggja hátíðir á borð við þessa sem er víst til að mynda hávaða.“

Ýjað er að því að kvartanir fólks í lýðræðisgáttina séu hunsaðar. Einnig er bent á það að vinveitingaleyfi hafi „margfaldast“ og að miðborgin sé á hraðri leið með að verða „einn stór partístaður“. – spH

RUMFOT.IS

Nýbýlavegi 28

Alvöru rúmföt í jólapakkann



10.900KR

WWW.RUMFOT.IS : 565 1025

Opið mán-fös 12-18 : laugardaga 11-15

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnahell.is](http://www.barnahell.is)



## ÆTTFRÆÐI OG SJÁLFSMYND ÞJÓÐAR

Opinn fræðslufundur í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar. Sturlugutö 8, laugardaginn 10. nóvember klukkan 13:00. Kaffeiveitingar í anddyri frá 12:30. Allir velkomnir.

Íslendingabók skiptir sköpum fyrir rannsóknarstarf Íslenskrar erfðagreiningar. Einnig er hún gríðarlega vinsæll vefur meðal almennings og fær um 150 þúsund heimsóknir á mánuði. Íslendingabók var nýlega breytt til hagsbóta fyrir notendur. Nú er hægt að taka þátt í að þróa og móta vefinn með því að setja inn myndir og greinar um nána ættingja.



**Kári Stefánsson**

forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar  
ÍSLENDINGABÓK SEM VERKFÆRI



**Guðrún Nordal**

forstöðumaður Árnastofnunar  
MEÐ ÆTTFRÆÐI Á HEILANUM



**Ármann Jakobsson,**

rithöfundur

„Eg em son Örgumleíða Geirólfsssonar gerpis“  
TIL HVERS ERU ALLAR ÞESSAR  
ÆTTARTÖLUR Í FORNUM SÖGUM?

ÍSLENSK  
ERFÐAGREIÐING



# Slakaðu á með Slökun

## Einkenni magnesíum-skorts

- Lítil orka
- Þröttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spennar
- Köllun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Þíringur



www.mammaveitbest.is

## Óktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!



**Hokus Pokus**

www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

## Verkfæri í miklu úrvali



METABO Bütsög  
KS216  
16.995


Verómætaskápur  
frá 4.995

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



**Rafkaup**  
Ármúla 24 • S: 585 2800



Myndir teknar baksvið þar sem Fannar og félagar voru í banastuði þó að timapressan væri oft mikil.

# Hraðfréttareynslan skilaði sér

**Fannar Sveinsson** úr Hraðfréttum leikstýrir þáttaröðinni Venjulegt fólk. Þetta er fyrsta stóra verkefni Fannars bak við myndavélina en horft hefur verið á þáttaröðina nú þegar 50 þúsund sinnum.

Þetta er fyrsta stóra verkefnið og var alveg hrikalega skemmtilegt," segir Fannar Sveinsson en hann leikstýrir Venjulegt fólk, sem nú er sýnt við góðan orðstír í sjónvarpi Simans. Fannar leikstýrði einnig Hraðfréttum á sínum tíma en það var minna í sniðum. „Þarna voru tveir þrír í hverri stöðu og mér brá þínu fyrsta daginn við að sjá allan þennan fjölda af starfsmönnum. Fjórir tókumenn og tveir sminkur og svo framvegis. Þetta var allt mjög fagmannlegt og ótrúlega gaman að sjá hvað íslensk kvikmyndagerð er framarlega og fagmannleg.“

Þáttaröðin var frumsýnd í heild sinni á föstudaginn var og var hún spiluð yfir 50 þúsund sinnum á aðeins þremur dögum. Þáttaröðin fjallar um lífsgæðakapphlaup tveggja vinkvanna en þær Vala Kristín og Júlíana Sara, sem slógu í gegn með þáttaröðinni þær tvear, fara með hlutverk vinkvannanna og skrifa þær þættina ásamt Dóra DNA og Fannari.



Menn verða að vera léttir, ljúfir og kátir.

**ÞETTA VAR ALLT MJÖG FAGMANNLEGT OG ÓTRÚLEGA GAMAN AÐ SJÁ HVAD ÍSLENSK KVIKMYNDAGERÐ ER FRAMARLEGA OG FAGMANNLEGT**

Dóri DNA kom inn sem ráðgjafi en hafði svo mikið til mállanna að leggja og góðar hugmyndir, að sögn Fannars, að hann var ráðinn inn. „Þegar við hittumst þá sögðu þær mér frá sinni hugmynd sem þær höfðu í kollinum. Í samtalinu spurði ég bara hvort væri ekki fyndið að gera sjónvarpsþátt um að þær væru að gera sjónvarpsþátt. Byggja þetta á þeim sjálfum því tíminn var naumur," segir Fannar. Hópurinn hittist fyrst í maí og tókur hófust í september. Það þurfti því að hafa góðar hraðfréttahundur. „Þetta var gert svoltið hratt og það segja vanir menn að það að gera sjónvarpsþátt sé svona stuttum tíma sé nánast ógerlegt en okkur tókst það og erum ánægð með afraksturinn.“ benediktblas@frettabladi.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Víðardóttir johanna@frettabladi.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401; Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladi.is, Hjördis Zoega hjordis@frettabladi.is, Sigfus Örn Einarsson sigfus@frettabladi.is, Valdimar Þrígsson valdimar@frettabladi.is, Jón Ívar Geirsson orn.geirsson@frettabladi.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402; Atli Bergmann atli@frettabladi.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladi.is, Jón Ívar Vilhelmsson joni@frettabladi.is, Ruth Þergsdóttir ruth@frettabladi.is FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elín Albertsdóttir elin@frettabladi.is og Ragnheiður Þryggvadóttir hei@frettabladi.is RÁÐAUGLÝSINGAR: FASTEIGNIR SÍMI 512-5403; Hrafnar Helgsson hrafnar@frettabladi.is, Víbar Ingi Pétursson vip@frettabladi.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407; Ana Rut Kristinsdóttir amanar@frettabladi.is, Guðrún Inga Crétarsdóttir gudruningae@frettabladi.is



# BBQ BACON TOWER BORGARI

*"it's finger lickin' good"*

**1.299 kr.**

Original kjúklingabringa böðuð í unaðslegri BBQ sósu, ostur, beikon, kartöfluskífa, iceberg salat og léttmajónes.



**1.999 kr.**

BBQ Bacon Tower borgari,  
3 Hot Wings, franskar,  
gos og bleikar Appoloreimar.





# FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGÁST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is  
Ef blaðið berst ekki 800 1177

## BAKÞANKAR

Þórarins  
Þórarinssonar



## Sultur

Það var á þeim árum þegar ég ráfaði um og svalt í Kristianiu, þessari undarlegu borg sem enginn yfirgefur fyrr en hann hefur látið á sjá...“ Á þessum orðum hefst Sultur, tæplega 130 ára gömul skáldsaga Hamsuns. Þessi orð eiga óþægilega vel við á Íslandi í dag. Aðeins þarf að skipta „Kristianiu“ út fyrir „Reykjavík“.

Margir ganga því miður, í sömu sporum og persóna Hamsuns, um götur höfuðborgar gösenlandsins í vonlausri leit að hinum mikla og goðsagnakennda kaupmætti sem þeim sem véla um landsins gagn og nauðsynjar verður svo tíðrætt um.

Ég þarf svo sem ekkert að kvarta þar sem blaðmannslaunin hrökkva svona oftast fyrir helstu nauðsynjum. Sérstaklega þá fáu mánuði á ári sem LÍN lætur mig í friði. Samt hef ég nú ekki fundið þennan kaupmætt sem hlýtur að svifa hér um í gervi heilags anda.

Annars átti nú sultur ekki að vera á dagskrá hérna, heldur lifur. Þar sem lömbin eru nýþögnuð er nóg til af þessum bráðholla og járnrika mat í Bónus. Virkilega próteinríkt hey í harðindum.

Allir sem hafa einhvern tíma verið barn vita að lifur er viðbjóður. Hún þarf samt ekki að vera það ef hún er meðhöndluð rétt, eins og til dæmis með uppskrift minni sem ég kalla „Rjómalegin kaupmáttarlifur“.

Skerið lifrina niður í þægilega munnbita. Veltið þeim upp úr hveiti á meðan niðurskornir beikon-strimlar þurrsteikjast á pönnunni. Brúnið síðan lifrabitana í kraumandi fitunni af fleskinu. Þegar þeim hættir að blæða er svo ¼ lítra af rjóma sallað yfir allt saman. Látið malla við lekkaðan hita þangað til rjóminn umbreyttir í þykka sósu.

Og sjá! Framreidd er meinholl máltíð fyrir 3-4 og kostaði ekki nema eitthvað rétt öðru hvoru megin við 2.000 kallinn.

Verði ykkur að góðu!

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

## MARKAÐURINN

Vettvangur  
viðskiptafrétta



Markaðurinn fylgir  
Fréttablaðinu á  
miðvikudögum

Charlotte & Julien  
Dream your world

HEILSURÚM

STILLANLEGIR DAGAR  
25%  
AFSLÁTTUR  
KOMDU NÚNA!

TEMPUR

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

## STILLANLEGIR DAGAR

### ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukkka
- Vekjaraklukkka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

### DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

#### STILLANLEG RÚM - VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum,  
2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800

Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Original eða Cloud heilsudýnum,  
2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 769.800

Tilboð 577.350 kr.

#### STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C & J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukkku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur

FAKAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16  
www.betrabak.is

Betra  
BAK